



Dýrabær



Akranes
Kringlan
Krossmói
Spöngin
Smáralind
www.dyrabaer.is

Grafarvogsblaðið

11. tbl. 35. árg. 2024 nóvember
Dreift ókeypis í öll hús í Grafarvogi



Ódýri ísinn





<p>Grafarvogur</p>	<p> Beiðni Reykjavíkurborgar um friðlýsingu Tillaga ráðherra um stærri svæði </p>
<p>Kortavörpun: Lambert keiluvörpun Hnattstaða: ISM93 Dags: 15.11.2024</p>	

Guðlaugur Þór Þórðarson, ráðherra og Grafarvogsbúi, lagði til stækkun á friðlýsingarsvæði í Grafarvogi en meirihlutinn í borgarstjórn hafnaði tillögunni. Hægt væri að friðlýsa Grafarvoginn á 7-9 vikum ef sátt næst um afmörkun svæðisins. Á myndinni hér að ofan er tillaga Reykjavíkurborgar afmörkuð með rauðum lit en tillaga Guðlaugs Þórs með rauðum lit.

- sjá bls. 4

**FASTEIGNA
MIÐLUN
GRAFARVOGS**



**FASTEIGNA-
SALAN
Í ÞÍNU HVERFI**

Spöngin 11
112 Reykjavík
Sími 575 8585

www.fmg.is



**Bifreiðaverkstæði
Grafarvogs**

**Allar almennar
bílaviðgerðir**

Gylfafiöt 24 - 30 • 112 Reykjavík
Sími 577 4477
www.bilavidgerdir.is

Þjónustuaðili





**HAFID
FISKVERSLUN**
- Gæðin skipta máli -

Spönginni 13
112 Reykjavík

Fiskréttur dagsins 2.890 kr kg



PIPAR Bragðgott PIPAR Bragðgott PIPAR
EKTA STEINBITUR EKTA STEINBITUR EKTA

Lyf á lægra verði!

Leggjum áherslu á mjög góða þjónustu

Gott vöruúrval

Hægt að panta lyf á www.rimaapotek.is og í síma 577-5300



Einkarekið apótek





Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis- orku og loftslagsráðherra og Diljá Mist Einarsdóttir, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, skipa tvö efstu sætin á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík suður.

„Verndum hverfið okkar“

Málefni Grafarvogs eru komin rækilega á dagskrá en tilefnið er alvarlegt. Eftir áralangt afskiptaleysi af hálfu meirihluta borgarstjórnar, að undanskildum misheppnuðum skólasamningum, er nú sótt að okkur úr þremur mismunandi áttum. Skilningsleysi meirihlutans gagnvart hverfinu kristallast í umræddum áformum.

Borgarstjóri Reykjavíkur úr Framsókn og Viðreisn, Samfylking og Píratar hafa kynnt þéttingaráform um allt hverfið sem ganga út á að byggja 500 íbúðir á grænum svæðum. Fyrirhuguð byggð í Keldnalandi var kynnt á dögunum, en þar stendur til að koma um 15 þúsund manns fyrir á svæði sem er á stærð við Húsahverfi. Þá er stefnt að því að fara með Sundabraut í útboð á næsta ári á grundvelli 25 ára gamalla áætlana sem munu aukinheldur ekki leysa umferðarvanda borgarinnar. Þessar áætlanir fela í sér að nauðsynlegt verður að tvöfalda Hallsveg og mun Sundabraut að öllu óbreyttu skemma útsýni allra hverfa í norðanverðum Grafarvogi. Sundabraut mun auk þess liggja þvert í gegnum útivistarsvæðið í Gufunesbæ og í gegnum bíllausa hverfið í Gufu-

nesi og klippa þannig Grafarvoginn í tvennt.

Samtakamáttur Grafarvogsbúa

Íbúar hverfisins og íbúasamtökin hafa látið til sín taka til þess að mótmæla þessum áformum. Það höfum við þingmenn Sjálfstæðisflokksins og íbúar í Grafarvogi til áratuga einnig gert. Það hefur verið gleðilegt að finna samtakamátt Grafarvogsbúa á fjölmönnum fundum sem bæði við og íbúasamtökin hafa haldið um þessi áform um framtíð hverfisins.

- Hvað geta þingmenn gert fyrir Reykjavík?

Það skiptir máli að eiga Reykjavíkurbíngmenn sem gæta hagsmuna hverfisins og kjósenda sinna í borginni. Þannig höfum við haldið opna fundi á kjörtímabilinu um málefni sem brenna á Reykjavíkum eins og samgöngumálin. Við höfum barist fyrir friðlýsingu Grafarvogsins, en tillaga um stækkun friðlýsingarjadsins frá vatnaskilum upp að veg hefur mætt harðri andstöðu meirihlutans í borginni. Þá höfum við tekið upp fjölmörg mál á vettvangi þingsins og ríkisstjórnar sem varða hagsmuni

Reykvíkinga, m.a. samgöngusáttmálann, umferðarljósastýringu sem hefur verið að plaga Grafarvogsbúa, mikilvægi grænna svæða og dagvistunarmálin.

Sjálfstæðisflokkurinn stendur vörð um Grafarvoginn

Sjálfstæðisflokkurinn er eini flokkurinn sem stendur raunverulega vörð um hverfið okkar. Þingmenn flokksins sem búa í hverfinu þekkja það enda frá fyrstu hendi hversu mikilvægt það er að hafa íbúana með í ráðum varðandi skipulagsmál í þessu rótgróna hverfi sem hefur svipaðan íbúafjölda og Akureyrarbær. Það getur skaðað lífsgæði íbúanna verulega þegar ákvarðanatökin er í höndum fólks sem þekkir ekki samfélagin. Þétting byggðar, þetta aðalstefnumál Samfylkingar og Viðreisnar í Reykjavík, getur t.a.m. átt rétt á sér við ákveðnar aðstæður. Það er hins vegar mikilvægt að hún eigi sér ekki stað nema í samráði og sátt við íbúana hverfanna sem um ræðir. Þá skiptir lykilmáli að slíkar aðgerðir skerði ekki lífsgæði þeirra sem fyrir búa í hverfinu. Áhyggjur okkar snúa að því að þessir flokkar skilji ekki að fólk búi í Grafarvogi sem

flutti þangað einmitt vegna gerðar og gæða hverfisins.

Þola innviðir Grafarvogs meira en tvöföldun íbúafjöldans?

Áformum meirihlutans í Reykjavík um 15 þúsund manna byggð í Keldnalandi, byggingu 500 íbúða á grænum svæðum í Grafarvogi, og hundruð íbúða til viðbótar í Gufunesi, mun fylgja gríðarlegt álag á innviði. Við þekkjum það vel að heilsugæsla, skólar, þ.m.t. leikskólar, og frístund barna anna ekki slíku viðbótarálagi. Þá er óneft álag á samgöngur, en aðeins tvær leiðir eru inn og út úr hverfinu sem báðar eru nú þegar teptar af umferðarþunga (og kolvitrausri ljósastýringu).

Afskiptaleysið skárna

Við erum hugsi yfir skilaboðum borgarstjóra til Grafarvogsbúa um verðbólguvandann sem lóðaskortur borgarinnar hefur orsakað, og ummælum um harmdaða vegna ófullnægjandi íbúðarskilyrða. Bera Grafarvogsbúar ábyrgð á stefnu meirihlutans í Reykjavík og þurfa nú að gjalda fyrir það með grænu svæðunum sínum? Þá er ljóst að aukid byggjarmagn í

Keldnalandi, sem er breytt frá upphaflegum áformum, á að skila Reykjavíkurborg 50 milljörðum í tekjur í stað 15 milljarða. Við eigum því að þola þennan ágang á hverfið okkar til þess að fjármagna skýjborgaverkefni meirihlutans, Borgarlínuna.

Við Grafarvogsbúar höfum lengi kvartað yfir áhugaleysi borgarstjórnarmeirihlutans á hverfinu okkar. Af tvennu illu er afskiptaleysið þó skárna en þessi árás á friðinn, náttúruna og lífsgæðin sem við nú njótum.

Við teljum að framangreindar fyrirætlunir um að umbreyta hverfinu séu í hróplegu ósamræmi við væntingar íbúanna um framtíð Grafarvogs og munum beita okkur af fullum þunga gegn þessum áformum. Við, framboðendur í efstu sætum hjá Sjálfstæðisflokknum í okkar kjördæmi, munum áfram verja hagsmuni hverfisins okkar. Það er mikilvægt að við gleyfum ekki Grafarvogi.

Höfundar eru Grafarvogsbúarnir Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis- orku og loftslagsráðherra, og Diljá Mist Einarsdóttir, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.

MÚR BÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

GLEYMUM EKKI GRAFARVOGI



D

Grafarvogsblaðið

Útgefandi: Skrautas ehf. Netfang: gv@skrautas.is
 Ritstjóri og ábm.: Stefán Kristjánsson.
 Netfang Grafarvogsblaðsins: gv@skrautas.is
 Ritstjórn og auglýsingar: Símar 698-2844 og 699-1322.
 Útlit og hönnun: Skrautas ehf.
 Auglýsingar: 698-2844 - 699-1322 - gv@skrautas.is
 Prentun: Landsprent ehf.
 Ljósmyndari: Katrín J. Björgvinsdóttir.
 Dreifing: Póstdreifing.
 Grafarvogsblaðinu er dreift ókeypis í öll íbúðarhús í Grafarvogi.
 Einnig í Bryggjuhverfi.

Hvað gerir borgarstjórnin?

Magnaður íbúafundur var haldinn í Rimaskóla á dögunum. Þar mættu um 600 Grafarvogsbúar til að mótmæla stefnu meirihlutans í Reykjavík varðandi þéttingu byggðar í hverfum Grafarvogs.

Eins og öllum er ljóst virðist meirihlutinn ætla að keyra þessa óforskömmuðu stefnu sína í gegn þrátt fyrir mikil mótmæli Grafarvogsbúa. Yfirvöld í Reykjavík mega ekki auðan blett sjá, þá skal troða þar niður byggingum.

Samstaða Grafarvogsbúa er mikil í þessu máli. Í forystu eru góðir fulltrúar íbúanna sem vinna sína heimavinnu vel og kom það greinilega fram á fundinum. Það er því ástæða til bjartsýni og ekki alveg laust við að Einar Þorsteinnsson borgarstjóri sé farinn að gefa eftir ef marka má orð hans í fjölmiðlum.

Á fundinum í Rimaskóla átti Einar borgarstjóri stórt tromp á hendi sem hann nýtti sér ekki. Hann gat komið í pontu í lokaræðu sinni og sagt við fundargesti og Grafarvogsbúa almennt að borgin væri ákveðin í að hverfa frá þessum glórolausu áformum um þéttingu byggðar. Hefði hann þá gengið af fundi sem sigurvegari kvöldsins að margra mati. Þess í stað mátti finna í orðum hans undarlegar yfirlýsingar sem fóru illa í Grafarvogsbúa á fundinum.

Dagana eftir fundinn kom borgarstjóri fram í fjölmiðlum og lýsti því þá yfir að borgin myndi að sjálfsgöðu koma til móts við kröfur Grafarvogsbúa. Verður fróðlegt að fylgjast með framgöngu hans og meirihlutans á næstunni. Í kjölfar íbúafundarinnar í Rimaskóla hafa enn á ný heyrst raddir þar sem rætt er um að Grafarvogur slíti sig frá Reykjavík og Grafarvogsbúar myndi sitt eigið sveitarfélag. Slíkar hugmyndir hafa aldrei átt fleiri aðdáendur en í dag.

Ef rétt reynist stefnir í að íbúaföldi í Grafarvogi tvöfaldist í kjölfar uppbyggingar á Keldum. Fjöldi íbúa í Grafarvogi gæti þá orðið um 35 þúsund manns. Undirritaður hefur í áratugi fylgst með yfirlýsingum borgaryfirvalda gagnvart Grafarvogi og þeim sem þar búa. Oft hefur meirihlutinn í Reykjavík rætt um íbúalýðræði og lofað það í bak og fyrir. Þegar á reynir hefur lítið farið fyrir því. Aldrei líklega þó minna en þegar 96% íbúa í Hamrahverfi skrifuðu undir mótmæli gegn sameiningu unglíngadeilda Hamraskóla og Foldaskóla. Yfirvöld tóku nákvæmlega ekkert tillit til vilja íbúanna þá frekar en í öðrum tilfellum þegar íbúar hafa verið óánægðir með framgöngu meirihluta í Reykjavík.

Nú verður fróðlegt að fylgjast með gangi mála. Borgarstjóri er búinn að tilkynna það opinberlega að tekið verði tillit til kröfu Grafarvogsbúa. Við fylgjumst áfram með gangi mála.

Stefán Kristjánsson

gv@skrautas.is

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Hægt að ganga frá friðlýsingu Grafarvogs á 7-9 vikum

Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og oddviti Sjálfstæðisflokksins Reykjavík, hefur lagt til við Reykjavíkurborg að stækka fyrirhugað friðlýsingarsvæði í kringum Grafarvoginn. Væri þetta í fyrsta sinn sem friðlýst er á grundvelli náttúru- og menningarminja. Það sem ekki er öllum kunnugt er að í Grafarvogi má finna mikinn fjölda menningarminja t.d. er landnámsbærinn Gröf í Keldnalandi.

Vinna við friðlýsingu Grafarvogs á grundvelli náttúruverndarlaga hófst haustið 2021 að frumkvæði Reykjavíkurborgar en á þeim tíma var gert ráð fyrir að friðlýsing næði yfir voginn sjálfan og upp í efrifjörumörk. Vorið 2023 lagði Guðlaugur Þór til stækkun friðlýsingarsvæðisins frá vatnamörkum og upp að göngustíg beggja vegna við voginn. Formlegt erindi var lagt fyrir umhverfis og skipulagsráð borgarinnar en á fundi ráðsins hafnaði meirihlutinn tillögunni. Samkvæmt Guðlaugi verður hægt að ganga frá friðlýsingu í Grafarvogi á 7-9 vikum að því gefnu að sátt náist við Reykjavíkurborg um afmörkun svæðisins.

Tillagan kynnt fyrir íbúaráði

Guðlaugur Þór kynnti tillögu sína fyrir íbúaráði Grafarvogs eftir að meirihlutinn hafði hafnað tillögu um stækkun svæðisins.

„Ég kynnti tillöguna um stækkun friðlýsingarsvæðisins fyrir íbúaráði Grafarvogs en Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins og fulltrúi borgarstjórnar í íbúaráðinu hafði forgöngu um þá kynningu. Þetta var góður fundur og var það mat íbúaráðsins að kynna ætti tillöguna á opnum fundi á vegum íbúaráðsins enda hefur þetta að gera með framtíðarlífsgæði Grafarvogsbúa.“

Guðlaugur segir þó að ákvörðun meirihluta íbúaráðsins hafi að endingu ekki raungerst.

„Nei opni íbúafundurinn var aldrei haldinn og mér skilst að þessi

ákvörðun hafi farið í einhverja hringi í borgarkerfinu.“



Guðlaugur Þór Þórðarson.

Umsagnir á eina leið

Umsagnir Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar voru báða á þá leið að stækkun friðlýsingarsvæðisins væri skynsamleg breyting á tillögu um friðlýsingu svæðisins. Var þá sérstaklega vísað til þess að umhverfi Grafarlæks í botni Grafarvogs væri viðkvæmt fyrir raski og að verndargildissjónarmiðin vegi þyngst vegna þessa.

„Grafarlækurinn er lífæð Grafarvogsins. Lækurinn er ástæða þess að Grafarvogur hefur að geyma eitt fjölbreyttasta fuglalíf á landinu. Fyrirhugaðar framkvæmdir á Keldnalandinu munu samkvæmt núverandi tillögu liggja nánast ofan í lækinn. Það er alveg ljóst að það er gríðarleg hættu á því að við vinnu óafturkræfan skaða á vöginum ef við stækum ekki friðlýsta svæðið,“ segir Guðlaugur Þór.

Meta verndargildi svæðisins

Frá því í sumar hafa Minjastofnun

og Umhverfisstofnun unnið sameiginlega að því að meta verndargildi Grafarvogs og lands Grafar og er því verið að meta verndargildið bæði á grundvelli náttúru- og menningarminja. Þetta mun vera í fyrsta sinn sem tillaga um friðlýsingu er unnin með þeim hætti.

Guðlaugur Þór segir augljóst að meta eigi svæðið út frá báðum sjónarhólum.

„Það vita það ekki allir að það eru margar menningarminjar í Grafarvogi og við eigum auðvitað að horfa til þess þegar við erum að líta til þess að friðlýsa svæði. Þetta er í fyrsta sinn sem þetta er unnið samhliða en ég hef lagt á það áherslu í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu að augun séu á menningarminjum við friðlýsingar og að svo verði í framtíðinni.“

Þegar friðlýst Blikastaðakró og Leiruvog

Blikastaðakró og Leiruvogur voru friðlýst árið 2022 og er þetta því annað svæðið í Grafarvogi sem unnið er að því að friðlýsa í ráðherraátt Guðlaugs Þórs í umhverfisráðuneytinu. Guðlaugur gefur lítið fyrir þá gagnrýni að hann sé að friðlýsa í því hverfi sem hann býr sjálfur í.

„Ég hef engar áhyggjur af þessari gagnrýni. Ég er þingmaður Reykjavíkur og hef alltaf gætt að hagsmunum Reykvíkinga í mínum störfum. Það er ekkert nýtt.“

Það er sótt að grænum svæðum í borginni. Meirihlutinn í Reykjavíkurborg hefur áformað að skemma ósnerta strandlengju í Skerjafirði, áform um uppbyggingu í Laugardal og Elliðaárdal og nú hefur hann hafnað þessari tillögu í Grafarvogi. Það þekkest hvergi í þeim borgum sem við berum okkur saman við að tekin séu græn svæði undir íbúabyggð og þegar menn eyðileggja ósnerta náttúru, þá verður það ekki aftur tekið,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson.

TJÓNNAVIÐGERÐIR

Um okkar FYRIRTÆKI

GB tjónnavíðgerðir er réttíngi- og málningarverkstæði með 5 stjórnun gæðavottun frá Bílgreinasambandinu. Við erum í samstarfi við öll tryggingafélög.

Hafðu samband núna

Draghóls 6-8 567-0690 tjon@tjon.is www.tjon.is

Við þjónustum allar gerðir bíla

Tjónaskoðun
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingarfélaga.

Rétting og málun
Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.

Getum gert fast verðtilboð í viðgerðir

Erum með bílaleigubíla á staðnum

Vinum með öllum bílaumboðum

Hefur þú kynnt þér þjónustu Heilsuklasans?


Fjöldinn allur af
námskeiðum fyrir
byrjendur og lengri
komna á öllum aldri.

Hafðu samband:


www.klasinn.is
mottaka@klasinn.is
599-1600




Léttara líf



Sterkari bein



Klúbburinn



Einkapjálfun



Silli kokkur Höfðabakka 1

- Villibráð með stöðugum nýjungum á matseðli
- Skemmtilegur staður fyrir fjölskyldur, vini, afmæli eða vinnustaði
- Barnamáltíð á 500 kr. og safi og ís í desert innifalið
- Notaleg stemning fyrir allan aldur og oft uppákomur um helgar



Jólin nálgast!

Sala er hafin á okkar vinsælu gjafakörfum fyrir fyrirtæki og einstaklinga

sillikokkur.is

og matseðlar eru kynntir þar. Okkar glæsilega jólahlaðborð í boði til 7. desember



Silli Kokkur - S: S691-5976 - sillikokkur.is



Jólahlaðborð:

Aðalréttir

Graflax m/ ristudu brauði og graflaxsósu.

Gæsalifrakæfa m/ púrtvínshjúp.

Grafin Gæsabringa m/ Camenbert og sultuðum rauðlauk.

Appelsínu grafið dádýr m/ Parmesan – trufflu balsamik og appelsínu.

Villibráða Paté m/ hindberjasósu.

Grafinn Skarfur í bláberja lakkrissósu.

Hreindýra bollur m/ villisveppasósu.

Gæsapottréttur í tartalettu.

Risottobollur m/ villisveppum og önd.

Purusteik.

Hunangsgljáuð kalkúnabringa.

Meðlæti

Villisveppasósa.

Heimalagað rauðkál.

Confit sveppir.

Laufabrauð m/ smjöri.

Sinnepssíld m/ rúgbrauði.

Sykurbrúnaðar kartöflur.

Rækjur og krabbi í sweet chilli sósu.

Eftirréttur

Creme Brulee.

Súkkulaði ostakaka.

Kokkurinn áskilur sér rétt til að breyta eða bæta við matseðil

“Matseðill”

“Gæsaburger”

m/ Rucola, sultuðum rauðlauk með trönuberjum og bláberjum og reyktri gráðostasósu
2.800kr.

“Hreindýraburger”

m/ Rucola, sultuðum rauðlauk með trönuberjum og hindberjum og villisveppasósu.
2.800kr.

“Haltu kjafti”

m/ 140 gr. brisketbuff, 3x ostur, iceberg, sinneps-bbq sósa.
3.000kr.

“Brisketburger”

m/ Nautabuff, 2x ostur, lauk-beikoni, doritos og sillasósu.
2.800kr.

“Mac & Cheese”

m/ Nautabuff, 3x ostur, mac & cheese, döðlu-beikon chutney, doritos, sillasósu.
2.800kr.

“BBQ brjálæði”

m/ Smassbuff, 4x ostur, beikon, doritos, sillasósu og bbq sósu.
2.800kr.

“Mac silli”

m/ 2x Smassbuff, 4x ostur, relish, iceberg og sillasósu.
2.800kr.

“Smassbörger”

m/ Nautabuff, 3x ostur, doritos, sillasósu.
2.500kr.

“Vegan Börger”

m/ steiktum sveppum, rucola, doritos og siracha vegan majo.
2.500kr.

“Meðlæti”

Bökuð kartafla m/ hvítlauks-beikon-döðlu-rjómaosti.
700kr.

“Barnabörger”

m/ Nautabuff, 2x ostur, tómatsósa og safi fylgir.
500kr (Aðeins 12 ára og yngri)



Finnur og Rósa Björk á opnun kosningamiðstöðvar Vinstri grænna á höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandsbraut 10.

VG er eina stjórnsmálaaflið sem er grænt í gegn

- Finnur Ricart Andrason og Rósa Björk Brynjólfssdóttir skipa efstu tvö sætin á lista Vinstri hreyfingarinnar – grænt framboð í Reykjavík norður

Finnur Ricart er yngsti oddvitinn á landsvísu af þeim stjórnsmálahreyfingum sem bjóða fram á fyrir þessar Alþingiskosningar en hann er fæddur árið 2002 og er því 22 ára.

Rósa Björk sat á Alþingi 2016-2021 og tekur nú þátt í sinni fimmtu kosningabaráttu.

Finnur er aktívisti og sérfræðingur í umhverfis- og loftslagsmálum. Hann bjó 11 ár erlendis og lauk námi í hnattrænum sjálfbærnisvísindum við Utrecht háskóla í Hollandi og flutti heim til Íslands á síðasta ári. Þrátt fyrir að hafa búið lengi erlendis og ungan aldur, tók Finnur virkan þátt í félagsstarfi á Íslandi og sat m.a. í stjórn Ungra umhverfissinna í tæp fjögur ár, fyrst sem loftslagsfulltrúi og síðan sem forseti félagsins.

- En af hverju ákvað Finnur að ganga til liðs við VG?

„Mér finnst gríðarlega mikilvægt að náttúran eigi sér áfram sterka rödd á þingi og ég veit að hjarta Vinstri grænna slær með náttúrunni. Svo skipta hagsmunir ungs fólks mig miklu máli almennt, hvort sem það eru umhverfis- og loftslagsmál, geðheilbrigðismál, húsnæðismál eða menntamál. Og ég finn það, að með

því að treysta mér fyrir því ábyrgðarhlutverki að leiða lista flokksins í Reykjavík norður sýnir flokkurinn það í verki að þeim er ant um ungt fólk og að það fái að taka virkan þátt í að móta samfélagið í til framtíðar.“

- Hver eru mikilvægustu málefni fyrir þessar kosningar? Hver er stefna VG í þeim málum sem þú telur vera mikilvægust?

„Mikilvægustu málin eru húsnæðis og efnahagsmálin, heilbrigðismálin, sérstaklega andleg heilsa ungs fólks, og að sjálfsögðu umhverfis- og loftslagsmálin sem fléttast inn í öll málefni samfélagsins. Vinstri græn eru með skýra sýn í öllum þessum málum, bæði til skemmri og lengri tíma. Húsnæði á að vera heimili en ekki fjárfesting þannig að koma þarf frekari böndum á skammtímaleigur á borð við Airbnb og taka gjald af þeim sem eiga margar íbúðir sem hefur verið kippt úr umferð. Þetta myndi, til skemmri tíma, auka framboð á húsnæði, lækka húsnæðisverð og þar með gefa færi á frekari vaxtalækkunum. Svo þarf auðvitað að stemma stigum við himinháu leiguverði, mögulega með verðstýringu

og leigubremsu, byggja mun meira húsnæði sem ekki er byggt af hagnaðardrifnum húsnæðisfélögum og það þarf að auka framboð af félagslegu húsnæði og stuðla að máturega þéttri og blandaðri byggð sem tryggir skilyrði fyrir öflugar almenningssamgöngur og þjónustu í nærumhverfi.

Úrræðaleyfi og lélegt aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu er áhyggjuefni, sérstaklega fyrir ungt fólk sem er að glíma við slæma andlega heilsu. Til að stytta biðlista, tryggja fjölbreytt úrræði allan ársins hring og að fleiri geti stundað sálfræðinám þarf að auka framlög til geðheilbrigðismála.

Í umhverfis- og loftslagsmálum þurfum við að tryggja skjótan samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við tilmæli aðþjóttaðvísindasamfélagsins með fjármögnunum aðgerðum í öllum geirum samfélagsins. Hér er nauðsynlegt að tryggja réttlát umskipti og að samfélagslegi ávinningurinn sé sem mestur, m.a. í formi hágeða almenningssamgangna, minni loft- og hljóðmengunar, og betri göngu- og hjólastígum.

Rósa Björk er þriggja barna móðir

og býr í Vesturbæ Reykjavíkur. Hún var varaþingmaður VG árin 2013 – 2016 og settist á þing það ár fyrir Vinstri hreyfinguna Grænt framboð og sat á þingi til ársins 2021. Rósa Björk sagði sig úr VG árið 2020 en er nú komin aftur til liðs við hreyfinguna og skipar annað sætið í Reykjavík norður.

- Af hverju VG?

„Mér finnst íslensk stjórnsmál hafa breyst mjög hratt á mjög skömmum tíma. Við sjáum og heyrum málflutning sem er mun pópulískari en áður, jafnvel öfgakenndari. Við sjáum að stjórnsmálin á Íslandi eru að færa hratt til hægri og við sjáum líka stjórnsmálflokka daðra við áherslur öfgahægris og við útlendingaandúð. Til að mæta þessari þróun þá hefur mér þótt skorta alvöru mótvægi og þá er stefna VG gott haldreipi til þess að veða á móti þessari miklu hægri sveiflu í íslensku samfélagi. Nú þegar ríkisstjórnarsamstarf VG, Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar er lokið, er ég líka þeirrar skoðunar að nú sé lag fyrir VG að leita aftur í ræturnar og skerpa á sínum áherslumálum með skýrum og afdráttarlausum hætti.“

- Hver eru mikilvægustu málefni fyrir þessar kosningar? Hver er stefna VG í þeim málum sem þú telur vera mikilvægust?

„Ég tel að húsnæðismálin séu kjósendum afar mikilvæg fyrir þessar þingkosningar. Vextir og verðbólga hafa verið há og valdið háum afborgunum fólks sem þýðir að fólk hefur minna á milli handanna í lok mánaðarinnar. Við því þarf að bregðast.

Önnur mikilvæg mál fyrir þessar kosningar eru menntamálin og geðheilbrigðismálin. Í geðheilbrigðismálunum á vakt Svandísar Svavarsdóttur í heilbrigðisráðuneytinu var komið á fót geðheilbrigðisteynum um allt land og aðgangur að sálfræðingum tryggður á heilsgæslum, en betur má ef duga skal.

En svo eru það líka stóru áskoranir nútíðarinnar og framtíðarinnar sem eru umhverfis- og loftslagsmálin en þar hefur Vinstri græn algjöra sérstöðu og í raun óskoraða forystu í þeim málaflokki meðal íslenskra stjórnsmálflokka.

Þess vegna er nauðsynlegt að VG sé áfram kröftugt stjórnsmálafl á Alþingi Íslendinga,“ segir Rósa Björk að lokum.



VERUM VINSTRA MEGIN

- **Húsnæði fyrir fólk** en ekki fjárfesta
- **Sérstakar vaxtabætur** til að mæta aukinni vaxtabyrði heimila
- Tökum vel á móti innflytjendum og **tryggjum þeim möguleika á að blómstra** sem fullgildir þátttakendur í samfélaginu
- **Útrýmum kynjamisrétti** og kvenfyrirlitningu
- **Flýtum Borgarlínunni**
- **Stóraukum fjárveitingar til loftslagsaðgerða** og flýtum þeim
- **Verjum sjálfstæða fjölmiðla** og ritstjórnarlegt frelsi þeirra.



Meira
á vg.is

Sigríður Á Andersen skipar efsta sæti
Miðflokksins í Reykjavík norður og Snorri
Másson efsta sætið í Reykjavík suður:

Skynsemi nálægð- arinnar

Afstaða íbúa Grafarvogs til skipulags hverfisins sem kynnt var á fjölmennum fundi Íbúasamtaka Grafarvogs nýlega kom mér ekki á óvart. Á fundinum kom fram mikil ónægja með einkum þrennt: Yfirgripsmikla þéttingu byggðar, ekki bara á þremur svokölluðum þéttingarreitum heldur á víð og dreif um hverfið, bílastæðaskort og samráðsleysi. Sundabrautin spilar inn í alla þessa þætti. Er nú svo komið að mörg hundruð Grafarvogsbúar sem mættir voru á fundinn sjá þann kost vænstan að kljúfa Grafarvog frá Reykjavík. Að gera Grafarvog að sjálfstæðu sveitarfélagi.

Hugmyndin um sjálfstæðan Grafarvog er í sjálfu sér ekki fráleit að mínu mati. Hún samræmist sjónarmiðum sem ég almennt aðhyllist um skynsemi nálægðarinnar fremur en miðstýringu. Þau eiga við á sveitarstjórnarstiginu eins og í alþjóðlegu samhengi. Þegar allt um þrýtur þarf krafa um sjálfstjórn ekki að koma á óvart.

Ég hef hins vegar bent Grafarvogsbúum á að þeir eru ekki einir um gremju í garð borgaryfirvalda. Við sem búum í vesturhluta borgarinnar höfum mátt þola sama samráðsleysið vegna yfirgengilegrar þéttingar á viðkvæmum stöðum elsta borgarhlutans.

Ég er fædd og uppalin í Reykjavík. Ég hef sterkar taugar til borgarinnar. Vil hag hennar sem vænstan og borgarlífið, hverfið og íbúana, fjölbreytt. Mér þætti miður að sjá borgina liðast í sundur. Þvert á móti vil ég sjá Reykjavík stækka. Ekki með þéttingu byggðar sem þegar hefur verið skipulögð heldur með nýjum byggðum og ekki síst með því að ljúka við byggð sem átti að vera þétt og fjölmenn. Úlfarsárdalurinn er dæmi um byggð sem bíður eftir fleiri íbúum og innviðum.

Áform um þetta byggð í Keldnalandi, sem myndi tvöfalda íbúafjölda Grafarvogs, eru óaðskiljanlegur hluti áforma borgaryfirvalda um borgarlínu. Ekki þó á þann veg að almenningsamgöngurnar séu hugsaðar til þess að þjónusta íbúa heldur er nýjum íbúum í þéttri byggð Keldnalandins ætlað að þjónusta og rétflæta borgarlínu. Borgarlínuhugmynd stjórnvalda (borgastjórnar og ríkisstjórnar) er öðru fremur fasteignapróunarverkefni. Þess má sjá stað hvarvetna í nýju skipulagi borgarinnar þar sem íbúðir eru reistar upp við akreinar fyrirhugaðra strætisvagnaleiða. Borgarlínuverkefnið ber sífellt meiri vott um þráhyggju og áætlanir um heildarkostnað hækka dag frá degi.

Ég er fyrrverandi þingmaður Reykjavíkur. Ég lagðist hart gegn svokölluðum samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins þegar hann var kynntur þingmönnum. Það blasti strax við að Reykvíkingar bæru skarðan hlut frá borði en nágrannasveitarfélögin gátu vel við unað. Forysta Sjálfstæðisflokksins veitti þessari þráhyggju Viðreisnar og Samfylkingar brautargengi. Lítil áform eru í áætluninni um raunverulegar umbætur í umferðamálum fyrir núverandi íbúa Reykjavíkur



Sigríður Á Andersen skipar efsta sætið á lista Miðflokksins í Reykjavík norður.



Snorri Másson skipar efsta sætið á lista Miðflokksins í Reykjavík suður.

ÁFRAM ÍSLAND
MIÐFLOKKURINN

X M

Gleðilegar jólaseríur

fallegar og endingargóðar
á frábæru verði!

25%
afsláttur

Inni- og útiserfúr

Verð áður: 2.995 kr.

2.246 kr.

IP44 200 ljós
Samtengjanlegar

Ljósaslanga

Verð áður: 5.295 kr.

3.971 kr.

IP65 10 metrar
Samtengjanlegar

Alvöru útiserfúr

Verð áður: 7.995 kr.

5.996 kr.

IP65 200 ljós
Samtengjanlegar

Frír spennubreytir fylgir með öllum jólaseríum

Kletthálsi 7
110 Reykjavík
Virkir dagar opið 08-18
Laugardagar opið 10-16
Sími: 412 2500

Selhella 6
221 Hafnarfjörður
Virkir dagar opið 08-18
Laugardagar opið 10-16
Sími: 412 2500

Fuglavík 18
230 Reykjanesbær
Virkir dagar opið 08-18
Laugardagar opið 10-14
Sími: 421 1090

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

Óstjórn í húsnæðismálum

- eftir Ragnar Þór Ingólfsson, oddvita Flokks fólksins í Reykjavík suður



Frábær gjöf fyrir veiðimenn og konur

Gröfum nöfn veiðimanna á boxin

Uppl. á www.Krafla.is (698-2844)

Óstjórn í húsnæðismálum Reykjavíkurborgar náði vonandi botninum á íbúafundi sem haldinn var í Rimaskóla í Grafarvogi. Vinnubrögð sem allir þekkja sem vilja fara aðrar leiðir en forherta þéttingarstefnu þar sem ekkert raunverulegt samráð á sér stað.

Það sást vel á fundinum hvað fulltrúum meirihlutans var brugðið. Brugðið yfir því að geta ekki farið sínu fram án þess að spyrja kóng eða prest. Sem formaður Bjargs og Blævar íbúðafélaga hef ég bent á, árum saman, að það neyðarástand sem ríkir á húsnæðismarkaði verður ekki leyst með núverandi þéttingarstefnu og verður sannarlega ekki leyst í óþökk við íbúa Grafarvogs eða nærliggjandi hverfa.

Á vettvangi ASÍ hef ég fundað með stjórnmalaflokkum til að koma hugmyndum okkar að. Þegar ljóst varð að flokkarnir sem stjórna borginni ætluðu eingöngu að taka bráðaaðgerðir inn í stefnur sínar en halda áfram á sömu braut þéttingar, sem hefur skapað neyðarástandið að stórum hluta, tók ég ákvörðun



Ragnar Þór Ingólfsson.

um að bjóða mig fram fyrir Flokk fólksins, gagnert til að fylgja eftir húsnæðisstefnu verkalýðshreyfing-

arinnar sem snýst um að brjóta nýtt land með þjóðaráttaki í húsnæðismálum og nýju húsnæðislánakerfi að danski fyrirmynd.

Við höfum kynnt borginni hugmyndir að uppbyggingu í Úlfarsárdal, aðgerð sem myndi gagnast mun betur en að þétta í úthverfum, og boðið lausnir á fjármögnun og uppbyggingu innviða með innviðasjóði og aðkomu lífeyrissjóða. Ástæðan fyrir því að við völdum Úlfarsárdal er að hverfið þarf að stækka til að laða að verslun og þjónustu við íbúa. Önnur ástæða er að ekki verður séð að nokkur heilvita fjárfestir vilji kaupa lóðir án bílastæða í Keldnalandi og blasir við að byrja þarf alla hönnunar- og skipulagsvinnu upp á nýtt sem mun seinka uppbyggingu.

Við í Flokki fólksins erum tilbúin að taka skipulagsvaldið með lögum ef ekki verður fallið frá þessum áformum. Við þurfum lausnir sem taka á því neyðarástandi sem nú ríkir. Lausnir sem eru í sátt við íbúa úthverfa Reykjavíkur.

Vill borgarstjóri stríð við Grafarvogsbúa?

- bréf sent til allra borgarfulltrúa og varaborgarfulltrúa Reykjavíkurborgar og alla formenn of fulltrúa stjórnmalaflokka í Reykjavíkurdæmi norður

Erindið er sent til allra borgarfulltrúa og varaborgarfulltrúa Reykjavíkurborgar og alla formenn of fulltrúa stjórnmalaflokka í Reykjavíkurdæmi norður. Afrit er sent á fjölmiðla.

Eins og áður hefur komið fram standa íbúar í Grafarvogi frammi fyrir miklum breytingum á nærumhverfi sínu sem munu hafa umtalsverð áhrif á lífsgæði og búsenduforsendur. Á okkur í Grafarvogi er nefnilega ráðist frá þremur áttum, í fyrsta lagi á að byggja á flestum grænum svæðum í öllu hverfinu, í öðru lagi á að skipuleggja þetta byggð í Keldnalandi og í þriðja lagi á fyrirhuguð leiga Sundabrautar að skera hverfið okkar í tvennt.

Samráð við íbúa hefur verið í skótlíki og málið illa kynnt af hálfu Reykjavíkurborgar, svo illa að við íbúarnir sjálfir höfum tekið málið í okkar eigin hendur og gengið um hverfið með dreifimiðla og bankað á dyr hjá nágrönnum okkar til að láta vita af framkvæmdunum. Í alltof mörgum tilfellum hafði fólk ekki hugmynd af fyrirhuguðum framkvæmdum, jafnvel þótt byggja ætti örfáum metrum frá lóðamörkum viðkomandi. Í þessu ljósi töldu íbúasamtök Grafarvogs mikilvægt að boða til fundar með það að markmiði að upplýsa nágretta okkar varðandi umfang og áhrif framkvæmdanna á líf okkar í Grafarvoginum.

Við undirbúning fundarins var leitað til Reykjavíkurborgar til að fá mikilvægar upplýsingar varðandi umfang framkvæmdanna, þ.e. um áæt-

laða fjölgun íbúa enda voru þær upplýsingar ekki að finna í framlögðum gögnum frá borginni. Skemmst er frá því að segja að borgin neitaði að afhenda þessar upplýsingar sem er sérkennilegt í ljósi mikilvægi þeirra við mat á áhrifum framkvæmdanna og þeirrar staðreyndar að borgin hefur leiðbeiningarskyldu gagnvart íbúum skv. stjórnsýslulögum og er skylt að eiga í samráði við íbúa vegna skipulagsmála skv. skipulagslögum.

Ekki kom til greina að sleppa mati á svo mikilvægum upplýsingum og var því gripið til þess ráðs að áætla fjölda íbúa út frá þeim upplýsingum sem birtar voru af hálfu borgarinnar og nýta sér forsendur byggðar á opinberum gögnum um fjölda íbúa á heimili.

Það er gaman að segja frá því að borgaryfirvöldum voru sendar þessar forsendur íbúasamtaka Grafarvogs og höfðu rúma viku til þess að bregðast við og koma sínum sjónarhornum á framferi. Engin viðbrögð bárust hins vegar við útreikningunum fyrr en í lok fundarins þegar Einar Þorsteinsson borgarstjóri sakaði fulltrúa íbúasamtakanna um að birta rangar upplýsingar, skoðun sem er síðar ítrekuð í fjölmiðlum, bæði í sjónvarpsviðtali við RÚV og viðtali á vef Morgunblaðsins.

Í ljósi þessara ummæla borgarstjóra getum við, sem að þessum fundi stóðum, ekki annað en borið hendur fyrir höfuð okkar og útskýrt forsendur og útreikninga í þessu bréfi.

Útreikningarnir, sem má sjá nánar í

meðfylgjandi kynningu frá fundi íbúasamtakanna í síðustu viku, byggðu á birtum upplýsingum Reykjavíkurborgar annars vegar um fjölda bygginga á grænum svæðum í Grafarvogi og hins vegar um fjölda íbúa í Keldnahlóti. Mikilvægasta forsendan í þessum útreikningum er fjöldi íbúa á hvert heimili en samkvæmt tölum Hagstofunnar búa um 2,8 íbúar á hverju heimili á höfuðborgarsvæðinu og í Grafarvogi er þessi tala jafnvel hærri. Þessu til viðbótar sýna fyrri framkvæmdir, t.d. nýleg framkvæmd við Móaveg í Grafarvogi að fjöldi íbúa fari umfram það sem upphaflega er áætlað en í þessu tiltekna verkefni voru um 30% fleiri íbúðir byggðar umfram upphaflegar áætlanir. Við mat á fjölda íbúa var því að jafnaði notað sú forsenda að um 3 íbúar væru í hverju heimili sem er innan við 10% umfram meðaltal höfuðborgarsvæðisins.

Þessar forsendur gefa okkur að fjölgun íbúa í Grafarvogi vegna þéttingar á grænum svæðum og í Keldnahlóti gætu verið yfir 20 þúsund manns. Þetta er meira en tvöföldun á íbúafjölda í Grafarvogi sem óneitanlega setur ugg að íbúum, meðal annars vegna álags á innviði, t.d. umferðarinnviði.

Málflutningur borgarstjóra er hins vegar sá að málið sé byggt á misskilningi, íbúafjölgunin verði mun minni. Því til stuðnings bendir hann á að íbúafjölgun í þeim 6 þúsund íbúðum sem byggja á í Keldnahlóti verði eingöngu 11 þúsund og að 400 íbúðir eigi að byggja á grænum svæðum í

Grafarvogi með um 1 þúsund íbúa fjölgun.

Ef þessar tölur eru réttar er borgarstjóri að gera ráð fyrir innan við 2 íbúum á hvert heimili í Keldnahlóti og um 2,5 íbúum á hvert heimili í þéttingu á grænum svæðum í Grafarvogi. Það getur hvert mannbarn séð að hér er borgarstjóri að hagræða tölum vel niður á við, samanborið við þá tölfræði sem liggur fyrir um raunverulegan fjölda íbúa á hverju heimili samkvæmt tölum Hagstofunnar. Er borgarstjóri að gera ráð fyrir allt að 35% færri íbúum á heimili en raunin er á höfuðborgarsvæðinu sem getur ekki talist raunhæf forsenda. Þessu til viðbótar gerir borgarstjóri ekki ráð fyrir þeirri aukningu íbúa sem oft og tíðum virðist vera fylgja framkvæmdum í Reykjavík, sbr. fjölgun íbúa við Móaveg sem bent er á hér að ofan.

Við getum ekki betur séð en að borgarstjóri ætli í stríð við Grafarvogsbúa enda sakar hann okkur um að dreifa röngum upplýsingum án þess að leggja sitt af mörkum við að aðstoða við að nálgast sannleikann í þessum efnum. Þessu til viðbótar hefur hann oft en einu sinni bendlað mótmæli Grafarvogsbúa við dauðaslys einstaklinga í bruna í ósamþykktum íbúðum á Höfðanum. Ekki er hægt að sitja hjá án þess að bregðast við þessu og höfnum við þessum fullyrðingum algerlega. Borgin brást leiðbeiningarskyldu sinni í þessu máli auk þess sem forsendur borgarstjóra eru langt frá því að vera nálægt staðreyndum málsins. Grafarvogsbúar geta þessu til viðbótar ekki borið

ábyrgð á dauða fólks í ósamþykktum íbúðum, enda ólíklegt að þeir sem þar búa muni hafa efni á að kaupa eða leigja þær rándýru íbúðir sem verða byggðar á nýjum þéttingareitum.

Við Einar Þorsteinsson borgarstjóra viljum við ítreka það sem fram kom á fundinum í síðustu viku, láttu okkur Grafarvogsbúa í friði, það er engin ástæða til þess að eyða nánast öllum grænum svæðum í hverfinu eða að skipta hverfinu okkar í tvennt með núverandi hugmyndum um Sundabraut. Eins förum við fram á að fjölgun íbúa í Keldnahlóti verði minnkun umtalsvert og að hverfið verði byggt upp í samráði við Grafarvogsbúa og aðra íbúa í nágrenninu, okkur öllum til hagsbóta.

Ef borgarstjóri vill hins vegar stríð, þá munum við svo sannarlega ekki gefast upp heldur berjast á móti hverri þeirri tillögu sem dregur úr lífsgæðum Grafarvogsbúa. Það er þó ljóst að við þurfum hjálp til að berjast við hið mikla bákn sem Reykjavíkurborg er og með þessu bréfi leitum við til ykkar borgarfulltrúa í Reykjavík og fulltrúa stjórnmalaflokka eftir aðstoð með hag fallga hverfisins okkar að leiðarljósi.

Með kveðju,
Ástrós Björk Viðarsdóttir
Berglind Kristinsdóttir
Lisa Einarsdóttir
Sigrún Ásta Einarsdóttir
Vignir Þór Sverrisson,
Íbúar í Rima- og Víkurhverfi í Grafarvog

Það er **komið að þér**

- Byggjum upp **nýtt húsnæðislánakerfi** að danskri fyrirmynd þar sem lögð er áhersla á fasta óverðtryggða vexti og tryggjum þannig fyrirsjáanleika.
- **Afnemum húsnæðisliðinn** úr vísitölu neysluverðs, því hann heldur verðbólgunni uppi.
- Bætum stöðu og réttaröryggi leigjenda með **viðmiðunarverði** á húsaleigu.
- Brjótum upp **nýtt land** til uppbyggingar húsnæðis.
- Hækkum **skattleysismörk** hjá lágtekjufólki.
- Hækkum **frítekjumark lífeyristekna**.



Ragnar Þór Ingólfsson

Inga Sæland





Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

60 ára+ grunn- og framhaldsnámskeið

Bætt heilsa og aukin lífsgæði

Nokkrir hópar og tímasetningar í boði bæði á grunn- og framhaldsnámskeið.

Hafðu samband:

www.klasinn.is
mottaka@klasinn.is
599-1600

HeilsuKlasinn



Grafarvogsblaðið

Ritstjórn/Auglýsingar - Sími 698-2844

eignaumsjon.is



Framúrskarandi
fyrirtæki 2024

2021-
2024

Fyrirmyndaryrirtæki
Íræstri

Viktoría Skelton

Láttu okkur sjá um húsfélagið!

Við erum með yfir 20 ára þekkingu og reynslu í þjónustu við húsfélög og rekstrarfélög fasteigna.

Þjónustuverið okkar svarar fyrirspurnum hratt og örugglega; í síma 585-4800 eða á netspjallinu. Einnig er hægt að senda póst á thjonusta@eignaumsjon.is.

Heyrðu í okkur og við gerum þér tilboð!

• EIGNAumsjón

lykill að öruggum rekstri fasteigna

Suðurlandsbraut 30
Reykjavík | Sími 585 4800



Fréttir

GV

Manneskjan er tengslavera

- eftir sr. Aldísi Rut Gísladóttur,
prest í Grafarvogssókn

Kæri Grafarvogsbúi!
Manneskjan er tengslavera hefur oft verið sagt. Við höfum líklega aldrei fundið jafn sterkt fyrir því hversu mjög við þörfumst tengsla eins og þegar tengslin rofna, hvort sem það eru heimsfaraldrar, áföll eða sorg sem skapa þetta rof. Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á hversu mikilvæg félagsleg tengsl eru þegar kemur að líkamlegri og andlegri líðan fólks.

Þegar við upplifum skort á félagslegum tengslum getum við upplifað einmanaleika. Einmanaleikinn er sár en ekki einungis það heldur vinnur hann gegn góðri heilsu og góðum lífsgæðum. Mikil vitundarvakning hefur orðið á geðheilbrigði og geðrækt í samfélaginu og samfélagslegri umræðu og er það til mikillar fyrirmyndar að jafn mikilvægu málefni sé lyft upp.

Fræðslustefna Þjóðkirkjunnar sem samþykkt var á Kirkjubing 2022 leggur ríka áherslu á geðheilbrigði og er yfirskrift stefunnar: Tengsl, vöxtur og framlag. Við í Grafarvogskirkjur sem og aðrar kirkjur vítt og breytt um landið, leggjum ríka áherslu á að efla tengsl og vöxt manneskjunnar og endurspeglar starf vetrarins það. Við bjóðum upp á fjölbreytt starf sem starfsfólk og sjálfboaliðar sinna af alúð og metnaði.

Allt það gríðarlega fjölbreytta starf sem kirkjan hefur upp á að bjóða, hverfist um að efla geðheilbrigði. Við nærumst saman andlega og líkamlega og það er í gegnum samveruna og samfylgdina, sem múrar einsemdarinnar falla og við bindumst órjúfa tengslum.

Bráðlega gengur aðventan í garð. Tími ljóss og friðar. En það er oft í skammdeginu og í kringum adventu og jól sem einmanaleikinn gerir meira vart við sig. Bæði reynist skammdegið mörgum erfitt en einnig getur þessi tími ýft upp gömul sár og sorgir. Í bók sinni „Joy of Wintering“ fjallar Erin Niimi Longhurst um það hvernig við eigum að sýna okkur mildi þegar veturinn gengur í garð. Þegar gróður fer í dvala, myrkrið færast yfir og það hægir á öllu, þá eigum við líka að hægja á okkur. En það er oft ekki raunin í kringum jól og áramót. Við erum mörg hver uppfull af streitu og þreytu á þessum tíma. Í þannig ástandi náum við ekki að njóta samveru með öðrum, við erum ekki fyllilega til staðar og einsemdin eykst. Við getum nefnilega líka fundið til einsemdar þegar við erum umkringd fólk. Ég hvet þig kæri lesandi til að hlúa vel að þér í vetur, hægja á og minnst þess að til að blómstra þá þurfum við líka að fá að hvílast og endurnærast. Þannig eflast tengslin okkar, við vöxum og



sr. Aldís Rut Gísladóttir, prestur í Grafarvogssókn.

framlag okkar eykst.

Í frumkristni safnaðist fólk saman og enn þann dag í dag er það meginsteff í kirkjunni okkar, að safnast saman sem söfnuður. Og það er þegar við komum saman og deilum sögum okkar, upplifunum, ótta og þrá og heyrum sögur annars fólks, sem hatrið minnkar, hræðslan víkur og samkennd og samhygd eyks sem mikil þörf er fyrir í samfélaginu okkar í dag.

Þegar dagur er að kveldi komin eru það yfirleitt samverustundir dagsins sem standa upp úr, þerlur sem við þræðum upp á þerluband daganna, það eru dýrmætustu minningarnar okkar. Megi veturinn vera þér gjöf full, megir þú efla tengslin þín, rjúfa einsemd, hvílast og endurnærast svo þú megir vaxa og dafna.



Grafarvogskirkja.

MÚR BÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!




Toyota
Kauptúni

ALGJÖR GRUNDEVALLAR- SMURNING

Nýttu þér sértíloð á smurþjónustu hjá
Toyota Kauptúni til 30. nóvember.

20% afsláttur af olíu, síum, rúðupurrkum, perum og fleiru.*

15% afsláttur af vinnu við smurningu.



Engin vandamál – bara lausnir

Toyota Kauptúni Kauptúni 6 Garðabæ 570 5070

*Sértíloð á olíum, olíusíum, loftsíum, frjókornasíum, bensín- og hráolúsíum, þurrkublöðum, þurrkugúmmí, perum, rúðuvökva, frostlegi, Adblue og þjónustu. Afsláttur af vörum gildir eingöngu með þjónustu á staðnum.

Ágangur Reykjavíkurborgar á græn svæði í Grafarvogi verður ekki liðinn

- eftir Ástrósu Björk Viðarsdóttur, íbúa í Víkurhverfi í Grafarvogi

„Fögur er hlíðin og mun ég ríða heim og fara hvergi“ orti skáldið um Gunnar á Hlíðarenda sem var reiðubúinn til að fara stórar fórnir til að berjast fyrir heimahögum sínum og galt fyrir það dýru verði. Hlíðarnar í Víkurhverfi í Grafarvogi eru ekki síður fagrar líkt og Fljótshlíðin sem var honum Gunnari svo hugleikin. Þessar hlíðar eru náttúruparadís, ósnortin svæði á einum fallegasta stað í Reykjavík sem við íbúar í Víkurhverfi og aðrir sem okkur heimsækja geta notið, sér til gleði og heilsubóta. Þarna eru mór, tré, lyng og auðugt dýralíf, þar á meðal fuglalíf, þar sem bæði varpfuglar og farfuglar leita sér skjóls enda hvíla þessi svæði við einu af fáum ósnortnu strandlengju Reykjavíkur. Mikilvægi þessarar strandlengju endurspeglast auk þess í því að hún er ein af fáum svæðum sem eru friðlýst í Reykjavík.

Við íbúar stöndum nú frammi fyrir að þurfa að berjast fyrir fögru hlíðum okkar líkt og Gunnar á Hlíðarenda

gerði með eftirminnlegum hætti í sinni tíð. Ástæðu þess má rekja til yfirlýsingar borgarstjóra Reykjavíkur, Einars Þorsteinssonar fulltrúa Framsóknarflokksins, um fyrirhugaða byggð á flestum þeirra grænu svæða sem prýða hverfið okkar. Fallegu hlíðarnar okkar eiga að víkja fyrir íbúðabyggð þrátt fyrir að borgin hafi til umráða umtalsvert magn af landsvæði í nágrenninu sem hægt er að nýta til uppbyggingar. Þéttingaáform núverandi meirihluta í Reykjavík eiga að ná alla leið til útjaðra höfuðborgarsvæðisins þar sem hverfið okkar liggur. Þessi ákvörðun kom flutt upp á íbúa hverfisins enda er nálægð við náttúru, ósnortin græn svæði og síðast en ekki síst aðgangur að einu af fallegasta útsýni sem hægt er að hugsa sér í Reykjavík, forsenda þess að margir íbúar tóku þá ákvörðun að setjast að í hverfinu.

Forsendur íbúa um aðgengi að náttúrulega grænum svæðum og fallegu útsýni eru ekki á sandi byggðar enda

byggja þær á lofordum Reykjavíkurborgar í núgildandi skipulagi borgarinnar. Þar kemur fram að hverfið okkar sé fullbyggt og fullmótað. Fjárfesting okkar í húsnæði í hverfinu byggir því á réttmætum væntingum byggt á upplýsingum í skipulagsgögnum borgarinnar. Við förum því fram á að borgarstjóri og núverandi meirihluti standi við þau loford sem fram koma í skipulagi hverfisins okkar og hætti umsvifalaust við fyrirætlanir sínar um byggingu á náttúrulega grónum svæðum sem munu eyðileggja hverfið okkar.

Þessar framkvæmdir eru ekki eingöngu slæmar fyrir náttúrulegu grænu svæðin okkar, heldur munu þær fela í sér verulegt rask, enda er stór partur framkvæmdasvæðisins á hömrnunum sem einkenna hverfið okkar. Hávaðamengun vegna jarðvegsframkvæmda og sprenginga á klöppum með tilheyrandi rykmengun mun því einkenna líf okkar á framkvæmdatíma. Auk þess sem borgaryfirvöld munu

setja börnin í hverfinu í hættu þar sem nýlegar breytingar borgarinnar á skólahverfum í Grafarvogi valda því að yngstu börn hverfisins þurfa að þvera götu þar sem áætlað framkvæmdamagn er mikið, með tilheyrandi hættu fyrir börnin, allt í boði núverandi borgarstjórnarmeirihluta.

Ró okkar Grafarvogsbúa hefur verið raskað af hálfu borgarinnar, enda ná fyrirhugaðar framkvæmdir til 8 af 9 hverfum Grafarvogs. Meirihlutinn í Reykjavík þarf að gera sér grein fyrir að í Grafarvogi búa yfir 18 þúsund manns sem hafa ítök til að velja og hafa stjórnmálaöflum, enda situr borgarstjórn í umboði kjósenda. Það má nefnilega líkja Grafarvogsbúum við sofandi björn, á meðan hann fær að sofa rótt í sínu náttúrulega umhverfi þá er hann ekki til ama, en þegar í hann er potað þá bregst hann við með því að sýna klærnar.

Það ætlum við íbúarnir svo sananlega að gera.



Ástrós Björk Viðarsdóttir, íbúi í Víkurhverfi í Grafarvogi.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS síðan 1996

ALÚÐ VIRÐING
TRAUST REYNSLA

Auðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | www.utfarin.is

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Andrés Andrésson
S: 662 5339



Jóhanna Eiríks



Guðmundur Örn Jóhannsson
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða utfarin@utfarin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfirði | s: 565 5892 | www.utfarastofa.is

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

bfo.is
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf | bfo@bfo.is



NISSAN



SUBARU



HONDA



ISUZU



OPEL



VESTAS

SMÍÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

Greiddar eru 20 kr. fyrir eininguna



Endurvinnslumóttakan er opin alla daga hjá skátunum í Hraunbæ

Móttaka Endurvinnslunnar er opin alla daga vikunnar.
Við tökum vel á móti þér.
Grænir skátar styðja við ungmennastarf í samfélaginu.
Munið eftir nýja endurvinnsluappinu



Opnunartíminn okkar er:
Vikrir dagar kl. 9-18
Helgar kl. 12-16:30

Endurvinnslumóttakan Hraunbæ 123 · 110 Reykjavík



JÓLIN ERU MÆTT Í SÆLKERA- BÚÐINA!



SÆLKERA
— BÚÐIN —

BITRUHÁLSI 2



Stíflubjónusta Röramyndir Dælubíll



**VALUR
HELGASON**

stifla.is | 896 1100

Dolly Partón

LAMB, BÖKUD KARTAFLA,
MAÍS & BERNAISE



American Style

BÍLDSHÖFÐA DALSHRAUNI NÝBÝLAVEGI SKIPHOLT
AMERICANSTYLE.IS 5 17 18 18

Fréttir

GV



Salurinn í Rimaskóla var þétt setinn eins og sjá má á meðfylgjandi myndum.

Fjölmennasti íbúafundur Íbúasamtaka Grafarvogs um þéttingu frá upphafi:

Fullt út úr dyrum

Fullt var út úr dyrum á fundi Íbúasamtaka Grafarvogs í Rimaskóla þann 12. nóvember s.l. Tilgangur fundarins var að ræða fyrirhugaða þéttingu byggðar í hverfinu, áform borgaryfirvalda um uppbyggingu í Keldnalandi og fyrirhugaða Sunda-braut. Það kom vel fram á fundinum hve andstaða íbúa er mikil við áformin um ofurþéttingu. Með þessari miklu þátttöku sýndu íbúar hug sinn og samstöðu.

Að undirbúningi fundarins stóð aðgerðahópur íbúa sem tengjast hverfishópum sem stofnaðir hafa verið í öllum hverfum Grafarvogs. Stuðningshópurinn á bak við þann hóp telur um 300 manns og var stofnaður á fjölmennum fundi íbúa þann 7. október sl. Þar sem hvert hverfi heldur utan um sínar áherslur. Stofnaðir hafa verið facebook hópar í kringum flesta hverfishópna þar sem íbúar hvers hverfis geta komið að sínum athugasemdum og styrkt heildarsamstöðuna enn meira.

5-600 manns mættu á fundinn

Á fundinn í Rimaskóla var Borgarstjóra, borgarfulltrúum og fram-bjóðendum allra flokka til Alþingis í Reykjavík norður boðið til að heyrast afstöðu Grafarvogsbúa til þéttingar áforma í hverfinu. Þeim var bent á að valdi fylgi ábyrgð og til að geta stjórnað okkur þurfa þau að þekkja okkur og okkar hug. Því var þeim boðið tækifæri til að hlusta á rödd íbúa.

Á milli 500 og 600 íbúar mættu á fundinn sem sýndi samstöðu og samhug hverfisins. Elísabet Gísla-dóttir formaður Íbúasamtaka Grafarvogs opnaði fundinn og kynnti Stefán Jón Hafstein sem fundarstjóra fundarins. Emil Örn Kristjánsson íbúi í Rimahverfi til 30 ára

og fyrverandi varaformaður Íbúasamtakanna fór yfir sögu og átök sem íbúar hafa átt við borgaryfirvöld í gegnum tíðina og rifjaði upp 20 ára sögu Sóleyjarrima sem enn og aftur stendur stýrr um. Auk annarra mála sem íbúar hafa þurft að vera á tánum yfir til að verja hverfið. Aðalerindi kvöldsins var í höndum Ástrósar Bjarkar Viðarsdóttur, íbúa Víkurhverfis og Vignis Þórs Sverrissonar íbúa Rimahverfis. Fóru þau yfir mikilvægar grunn upplýsingar, tölfræði og samþykktir.

Í inngangi bentu þau á að verið sé að sækja að hverfinu úr þremur áttum:

1. Þéttingaráformum á grænum svæðum í öllum hverfum Grafarvogs.

2. Uppbyggingu í Keldnalandi sem er gríðarlega umfangsmikil þar sem íbúamagn er áætlað að verði um 17-18 þúsund íbúar sem er tvöföldun á íbúafjölda Grafarvogs í dag. En allt skipulag á Keldum virðist snúa að því að snúa innviði og mannlíf að Borgarlínu. Einnig virðist sem verið sé að hafa þetta landnám að fópúfu þar sem fyrstu áætlanir töldu 15 milljarða tekjur af sölu löða en á stuttum tíma hafa áætlanir farið í 50 milljarða. Hvað skýrir þessa miklu hækkun?

3. Lega Sundabrautar þar sem vegstæði virðist vera í kálgröðum íbúanna í Gufunesi eða kannski á bíla-stæðum?

Bent var á að með þeirri þéttingu sem ráðgerð er mega íbúar í Grafarvogi reikna með að íbúafjöldi í Grafarvogi tvöfaldist þegar Keldur verður fullbyggt. Bent var á að óbreyttu mun þetta hafa áhrif á lífsgæði nýverandi íbúa Grafarvogs. Því þurfa íbúar að láta sig þetta mál

varða. Íbúum sem völdu að byggja heimili sín í þessu hverfi vegna nálægðar við náttúru og þeirra lífsgæða sem það gefur finnst ekki boðlegt að því sé kastað fyrir róða og taki stórkost-legum breytingum í skipulagi hverfis sem skilgreint er fullbyggt skv. gögn-um borgarinnar.

Mikill og góður rómur var gerður að framsöguerindunum.


Íbúum var síðan boðið að bera upp spurningar til borgarstjóra, borgarfulltrúa og fulltrúa framboðanna. Svarendum voru gefnar 2 mínútur til svara í þeim tilgangi að íbúar fengu skilvirk svör.

Í lokin var borgarstjóra gefnar 4 mínútur til að koma að sínum athugasemdum. Þar hélt hann því fram að tölur frummælenda um fjölda íbúa og þéttingu væru á misskilningi byggðar. En þess má geta að þær tölur sem kynntar voru, eru sóttar í hans eigin gögn sem eru á neti Reykjavíkurborgar.

Haft er eftir Einari sem rök fyrir uppbyggingu, „...Við verðum að byggja, ...við erum með fólk í ósamþykktu atvinnuhúsnæði á Höfða að deylla í brunum! Þetta er samhengið.“

Þessi athugasemd olli miklum urg meðal Grafarvogsbúa á fundinum. Íbúar vísa því algerlega á bug að það sé á ábyrgð íbúa Grafarvogs að fólk brenni inni í ósamþykktu húsnæði!

Bent er á að þar sé alfarið um seinangang borgarinnar og fyrirhyggjuleysi að ræða. Víða sé óskað eftir uppbyggingu í hverfum Reykjavíkur s.s. á Kjalarnesi og í Norðlingaholti en því hafa borgaryfirvöld ekki sinnt.



ÓKEI, JÁ, HVERNIG BYRJAÐI ÞETTA?

Hér er fjallað um ÓKEI, OK eða O.K, en hvernig náði þessi stafasamsetning útbreiðslu um allan heim - og til tunglsins?



ERU RAUÐHÆRÐAR KONUR HÆTTULEGRI EN AÐRAR?

Fræðandi og skemmtileg bók um hjátrú af ýmsum toga.

holabok.is • holar@holabok.is

BÓKAÚTGÁFAN HÓLAR

TOYO TIRES

PIRELLI
POWER IS NOTHING WITHOUT CONTROL

Laufenn
Journey in Style

MAXXIS
DEKK

Mastercraft
TIRES

NANKANG
FREE YOUR WAY

KUMHO TIRE
All-ways. Go With you

DOUBLE COIN



Bókaðu tíma á netinu

Stærsta verkstæði landsins er í næsta nágrenni

Nesdekk Breiðhöfða 13.
Eitt fullkomnasta hjólbarðaverkstæði landsins.



Toyo GSI-6

Toyo Ice Freezer

Toyo G3S - ICE



Harðskeljadekk



Harðskeljadekk



Harðskeljadekk



Bókaðu tíma og skoðu dekkjaúrvalið á nesdekk.is

Breiðhöfði 13
110 Reykjavík
590 2080



Stærðin skiptir ekki máli á Breiðhöfða 13.

NESDEKK
561 4200 / nesdekk.is

Frábær jólahlaðborð og gjafakörfur hjá Silla Kokki

Það er orðin löng hefð fyrir því á meðal Íslendinga að skella sér á matsöluastaði sem bjóða upp á hlaðborð þegar fer að hausta og fyrstu jólaseríurnar fara að sjást á húsum.

Stutt er síðan að Silli Kokkur opnaði frábæran veitingastað að Höfðabakka 1. Silli hefur langa reynslu af því að bjóða fólki frábæra rétti og nú á dögnum fóru þau hjá Silla Kokki að bjóða upp á glæsileg hlaðborð. Þetta eru annars vegar villibráðakvöld og hins vegar jólahlaðborð.

„Við byrjuðum með fyrstu villibráðakvöldin fyrir nokkru síðan og aðsóknin var mjög góð. Við vorum með villibráðakvöldin á föstudags- og laugardagskvöldum og fólk í hverfunum í nágrenni okkar sýndi þessu mikinn áhuga sem við erum þakklát fyrir,“ segir Elsa Blöndal Sigfúsdóttir, annar eigandi hjá Silla Kokki.

Nú er Silli kokkur hættur með villibráðarhlaðborðin en enn eru einhver sæti laus á jólahlaðborðin sem eftir eru.

„Við finnum fyrir miklum áhuga á okkar veitingastað og fólk er greinilega ánægt með að boðið skuli upp á svona hlaðborð í þeirra nágrenni og það þarf ekki alltaf að fara niður í miðbæ til að gera vel við sig í mat og drykk,“ segir Elsa ennfremur.

Miðasala á sillikokkur.is

Jólahlaðborðin eru á föstudags- og laugardagskvöldum frá kl. 18.00 og síðasta jólahlaðborðið hjá Silla kokki fyrir jól er þann 7. desember.

Til að kaupa miða fer fólk inn á silla-kokki.is og þar er að finna allar upplýsingar. Enn eru til miðar en þeir kosta 13.900,- krónur fyrir manninn.

Einungis er opið fyrir hlaðborðsgesti þessi hlaðborðskvöld frá kl. 18.00 til og með 7. desember.

Frábærar gjafakörfur fyrir jólin

Fljótlega mun Silli kokkur hefja sölu á glæsilegum gjafakörfum fyrir bæði einstaklinga og ekki síður fyrirtæki. Þekkt er

að mörg fyrirtæki gera vel við starfsmenn sína og viðskiptavinum og þar koma gjafakörfur frá Silla kokki sterkar in.

Í körfunum er úrval af frábærum vörum sem Silli kokkur hefur gert af sinni al-kunnu snilld. Sjá má sýnishorn af vörum á myndunum hér að ofan. Sjá nánar á sillikokkur.is

Frægur fyrir hamborgana

Silli Kokkur er frægur fyrir frábært úrval af hamborgurum og ekki síst gæsa-hamborgara og hreindýrahamborgara sína. Hamborgarar í take away eru afgreiddir úr matarvagninum fyrir utan Silla kokki að Höfðabakka 1.

Lokað er hjá Silla Kokki á mánudögum og þriðjudögum. Opið miðvikudaga frá kl. 11:30 til 21.00. Á fimmtudögum frá kl. 11:15 til 23.00, á föstudögum frá kl. 11:15 til 23:00, á laugardögum frá kl. 12:00 til kl. 23:00 og á sunnudögum frá kl. 12:00 til kl. 21.00.



Hluti af vöruúrvalinu hjá Silla kokki.

VISSIR ÞÚ?

AÐ KEILA ER LEIKIN AF 120.000.000 MANNS Í YFIR 90 LÖNDUM.

KÍKTU Í KEILU, PÍLU, KAREOKE, PIZZU, DRYKK, BOLTA OG FJÖR.

ÞÚ GETUR BÓKAÐ BRAUT Á KEILUHOLLIN.IS OG Í SÍMA 5 11 53 00

Keiluhöllin
EGILSHÖLL

Jólatilboð



Harðir jólapakkar fyrir bílinn

Öll hleðslutæki á afslætti fram að jólum

SKORRI


TUDOR

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • vefverslun: www.skorri.is

NÚ NEGLUM VIÐ PISA!



Stafróf knattspyrnunnar
Fuglar á Fróni
Ólga
Fótboltaspurningar
Spurningabókin



Frábærar bækur, fyrir yngri sem eldri.

holabok.is • holar@holabok.is

BÓKAÚTGÁFAN HÓLAR

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

ER ERINDIÐ BRÁTT?

Heyrðu í okkur áður en þú kemur

- Í síma **1700**
- Á **netspjallinu** á heilsuvera.is

Þar veita hjúkrunarfræðingar ráðgjöf og bóka tíma

Undanskilin eru mjög bráð erindi eins og:
Brjóstverkur, andþyngsli, ofnæmi og slys



Heilsugæslan Grafarvogi



Fyrir hvert jólatré eru 50 ný gróðursett

**Jólamarkaður
í Heiðmörk**

Opit adventuhelgar kl 12-17

 SKÓGRÆKTARFÉLAG
REYKJAVÍKUR

Allar nánari upplýsingar
um Jólamarkaðinn í Heiðmörk,
Jólaskóginn á Hólmsheiði og
jóltrjáasölu á Lækjartorgi
má finna á heidmork.is

Fréttir

GV

Við þurfum trausta efnahagsstjórn

- eftir Kristján Þórður Snæbjarnarson, Grafarvogsbúa og
frambjóðanda Samfylkingarinnar í Reykjavík suður

Í komandi alþingiskosningum verður kosið um það hvort við viljum sérhagsmuni eða almannahagsmuni. Það verður kosið um trausta efnahagsstjórn eða áframhald á núverandi óstjórn í efnahagsmálum. Samfélagið þarfnast stórhuga stjórnmála þar sem tekin eru örugg skref í heilbrigðis- og öldrunarmálum, gerð krafa um árangur í atvinnu- og samgöngumálum og lagt fram skýrt framkvæmdaplan í húsnæðis- og kjaramálum.

hagstæðum innviðalánnum og eftirgjöf á virðisaukaskatti við byggingu skóla og leikskóla.

Kæru íbúar!

Skiptum um kúrs, byggjum samfélagið upp saman á réttum forsendum með virku samtali um málefnið. Við sem þjóð eigum allt undir í þessum efnunum og getum náð miklum árangri saman.

Samfylkingin er tilbúin til verka!

*Kristján Þórður Snæbjarnarson
Grafarvogsbúi og frambjóðandi
Samfylkingarinnar í Reykjavík suður*



Kristján Þórður Snæbjarnarson.

Þegar kemur að uppbyggingu húsnæðis þá þurfum við sem samfélag að byggja íbúðir því mikill skortur er á þeim. Á sama tíma er enn mikilvægara að uppbygging húsnæðis verði í sátt við nærumhverfi þar sem byggt er. Að það verði byggt hagstætt húsnæði sem mætir þörfum íbúa landsins, þar sem hluti fer í leigukerfið, hluti í almenna íbúðakerfið og hluti inn á eignamarkað.

Það hefur reynst sveitarfélögum kostnaðarsamt að byggja upp nauðsynlega innviði nýrra hverfa. Ljóst er að uppbygging íbúðarhúsnæðis þarfnast aukins stuðnings frá hinu opinbera og þá sérstaklega við uppbyggingu innviða. Lægri vextir á Íslandi, sem fást með styrkri efnahagsstjórn, eru algjört forgangsmál. Þess vegna leggur Samfylkingin áherslu á að ríkið stígi inn og styðji við sveitarfélög við fjármögnun innviðauppbyggingar til dæmis með

Bókaðu tíma í sjónmælingu

Þú getur bókað tíma í sjónmælingu með stuttum fyrirvara í verslunum Eyesland í Kringlunni, Glæsibæ, Spönginni, Grandi og á Keflavíkurflugvelli.

Sjónmæling gengur upp í gleraugnakaup séu þau gerð í framhaldinu.

eyesland

Spönginni · Kringlan · Grandi · Glæsibær · Keflavíkurflugvöllur
eyesland.is

Löngu- eða þorskhnakkar með rauðu pesto og osti

- frábær réttur sem vert er að prófa

Kristjana Steingrimsdóttir, Jana, býður lesendum okkar upp á frábærar uppskriftir af fiskréttum.

Hér er ein sérstaklega auðveld en hrikalega góð uppskrift sem virkar vel fyrir alla, unga sem aldna.

800 gr löngu eða þorskhnakkar úr Hafinu.

Ca 70 grömm rautt pesto.
1/2 krukka af salatosti / fetaosti (ekki nota olíuna.)

Smá hvítlauksalt og sítrónupipar.

Hitið ofninn í 200 gráður.

Setjið fiskinn í eldfast mót og kryddið

- smyrjið svo rauðu pestói og dreifið salatostinum yfir.

Bakið í um 18-20 mínútur eða þar til fiskurinn er eldaður í gegn og salatosturinn búinn að „krispast“.

Dásamlega auðveldur og bragðgóður fiskréttur sem hægt er að elda á mjög skömmum tíma.

Þessi frábæri réttur er borinn fram með góðu salati og kínóa.

Verði ykkur að góðu.

Kristjana Steingrimsdóttir (Jana)

jana.is - www.instagram.com/janast



Hnakkarnir úr Hafinu tilbúnir til eldunar.



MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!



Samfylkingin



Lækkum kostnað heimilanna


Lækkum vexti og verðbólgu

Fjölgum íbúðum strax

Tryggjum örugga afkomu um ævina alla

vidrummedplan.is

SÍLDARDIPLÓMASÍA



Síldin í myndlistinni, bókmenntunum og jú, stríði. Fjöldmargar gírnilegar uppskriftir að síldarréttum og umfjöllun um þrjú íslensk síldarfyritæki. Glæsilegt myndefni prýðir bókina.

holabok.is • holar@holabok.is

BÓKAÚTGÁFAN HÓLAR



HeilsuKlasinn

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

Fréttir

GV



Lið Borgarholtsskóla í fullu fjöri.

Myndir: Hafsteinn Snær Þorsteinsson

Þriðja sæti í Leiktu betur

Nemendur Borgarholtsskóla tóku þátt í Leiktu betur föstudaginn 8. nóvember síðastliðinn. Sex nemendur voru í liði skólans, þau Hilmar, Heiða, Friðfinnur, Emma, Harpa og Bragi og hrepptu þau 3. sætið. Menntaskólinn við Hamrahlíð varð í 2. sæti og Fjölbrautaskólinn í Garðabæ bar sigur úr býtum. Nemendur á þriðja ári í kvikmyndagerð við Borgarholtsskóla sáu svo um að streyma keppninni á Facebook síðu Unglistar.

Í Leiktu betur er keppt í leiklist og spuna og er keppnin hluti af Unglist, listahátíð ungs fólks sem er vettvangur fyrir ungt og uppnemandi listafólk. Eins og segir í kynningarefni fyrir hátíðina er markmiðið „gleði, spenna og óvæntar upþákomur í spuna þar sem ekkert er ákveðið fyrirfram!“



Lið Borgarholtsskóla tekur við verðlaunum fyrir þriðja sætið.

ER EKKI KOMINN TÍMI Á ÖÐRUVÍSI FORYSTU

KJÓSTU ÖÐRUVÍSI → KJÓSTU PÍRATA

 PÍRATAR



Ásmundur Einar Daðason skipar fyrsta sæti á lista Framsóknar í Reykjavík norður:

Árangur fyrir börn og ungmenni

Nýjar niðurstöður Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar 2024 sýna jákvæða þróun í líðan og velferð barna og ungmenna, sem gefur okkur tilefni til bjartsýni. Gögnin benda til að ný lög um farsæld barna og fjölmörg úrræði sem við höfum innleitt á undanförunum árum í þágu barna og ungmenna séu að virka.

Börnunum okkar líður betur

Rannsóknin sýnir meðal annars að kvíði og depurð meðal barna og ungmenna hafi minnkað. Hjá börnum í 6. bekk mælist þetta hlutfall barna sem finna fyrir kvíða nú 35% og hefur lækkað um heil 13%. Sama mæling

hefur einnig lækkað meðal barna í 8. og 10. bekk. Þetta eru mikilvægar vísbendingar um að snemmtæk inngrip og stuðningur samkvæmt farsældarlögunum séu að virka. Þrátt fyrir þessar góðu fréttir er andleg heilsa ennþá ein helsta áskorun okkar og við þurfum að halda áfram að hlúa að andlegri heilsu ungmenna.

Aukin félagsleg þátttaka

Einelti meðal ungmenna í 10. bekk hefur enn fremur minnkað umtalsvert. Einungis 4% barna í 10. bekk segjast nú verða fyrir einelti, sem er mikil breyting til batnaðar. Að sama skapi hefur félagsleg þátttaka barna aukist

og fleiri börn en áður taka þátt í skipulögðu íþróttastarfi og tómstundum. Nánast öll börn segjast eiga vini og mikill meirihluti nemenda þvert á árganga telur sig eiga auðvelt með að eignast nýja vini. Þetta skapar sterkan grunn fyrir félagsfærni þeirra og stuðlar að jákvæðri líðan.

Öflugt stuðningskerfi fyrir börn

Þessar jákvæðu niðurstöður sýna okkur að samfélagið er að ná árangri í að bjóða upp á öflugt stuðningskerfi fyrir börn. Samt sem áður stöndum við enn frammi fyrir áskorunum, sérstaklega þegar kemur að börnum í viðkvæmri stöðu. Með nýjum úr-

ræðum fyrir börn af erlendum uppruna, börn á flóta og börn í erfiðum félagslegum aðstæðum, ætluð við að því að tryggja jöfn tækifæri og betri lífsskilyrði fyrir öll börn á Íslandi. Við ætlum að halda ótraud áfram og gera enn betur!

Skil áhyggjur af nýbyggingum

Að endingu langar mig til að nefna að alvarlegar áhyggjur íbúa í Grafarvogi af uppbyggingaráformum í hverfinu hafa hvorki dulist mér né öðrum upp á síðkastið. Ég skil þessar áhyggjur fólks og er sannfærður um



Ásmundur Einar Daðason skipar fyrsta sæti á lista Framsóknar í Reykjavík norður.

að borgaryfirvöld hlusti á íbúa og taki tillit til þeirra sjónarmiða áður en til framkvæmda kemur.

Ásmundur Einar Daðason er mennta- og barnamálaráðherra. Hann skipar fyrsta sæti á lista Framsóknar í Reykjavík norður.

VISSIR ÞÚ?

AÐ KEILAN Á UPPRUNA SINN 3200 FYRIR KRIST.

ÞÚ GETUR BÓKAÐ BRAUT Á KEILUHOLLIN.IS OG Í SÍMA 5 11 53 00

Keiluhöllin
EGILSHÖLL

Stærstu hagsmunamál heimilanna!

Lækkum vexti, lækkum matarskattinn og gerum matarkörfuna ódýrari

Látum næsta kjörtímabil snúast um börn, fjölskyldur og heimili

Auðveldum ungu fólki að eignast sína fyrstu íbúð

Lengjum fæðingarorlofið í 18 mánuði og hækkum hámarksgreiðslur

Höldum áfram að efla íþróttir og verknám og styðja við frístundastarf ungmenna

ÁSMUNDUR EINAR
DADASON
1. SÆTI REYKJAVÍK NORÐUR
Mennta- og barnamálaráðherra



xb.is

framtiðin ræst á miðjunni!
XB
framtiðin ræst á miðjunni!

Við verðum að þora að kjósa breytingar, annars breytist aldrei neitt

- Baldur Borgþórsson og Hildur Þórðardóttir skipa fyrsta og annað sæti á lista Lýðræðisflokksins í Reykjavík norður

Nú þegar líður að kosningum verða auglýsingar æ fyrirferðarmeiri þar sem hver stjórnmálaflokkurinn á færur öðrum keppist við að segja kjósendum frá því hvað þeir ætla að gera fyrir þá. Nú skulu öll heimsins vandamál leyst.

Flokkar sem hafa árum og jafnvel áratugum saman haft næg tækifæri til að leggja fram mál þess efnis á Alþingi en hafa ekki gert það.

Nú þegar kosningar eru framundan, þá ætla allir flokkar að redda öllu fyrir alla. Bara sí sona.

Þegar spurt er, af hverju eruð þið ekki búinn að gera þetta allt saman, bendir hver flokkurinn á annan sem sökudólg, svona svipað og þegar lögreglan stöðvar ökutæki vegna gruns um ölvunarakstur en þegar að ökutækinu er komið sitja allir fullir aftur í, benda á hvern annan og engin viðurkennir að hafa verið bílstjórinn.

ÞAD ER ALVEG SAMA HVAD MAÐUR KÝS - ÞAD BREYTIST ALDREI NEITT

Við sýnum því fullan skilning að

fólk sé búin að missa traust á stjórnmálaflokkum og hafi litla trú á að þeirra val á kjördegi breyti nokkru þegar upp er staðið. Fólk endar einfaldlega á því á að kjósa þann flokk sem mögulega veldur minnsta skaðanum – kýs „taktískt“ til hægri eða vinstri.

Við erum nýr borgaralegur flokkur sem boðar einhverjar mestu breytingar fyrir almannahag sem um getur á síðari tímum og vonumst því til að ná eyrum kjósenda.

Við mætum einfaldlega til leiks með hreinan skjöld - staðráðin í að láta gott af okkur leiða.

MESTU BREYTINGAR SÍÐARI TÍMA FYRIR HAG ÍSLENSKRA HEIMILA OG FYRIRTÆKJA

Efst á blaði stefnuskrár okkar er algjör uppstokkun á íslenskum peningamarkaði sem mun leiða af sér stórfellda vaxtalækkun lána, þar með talið íbúðalána. Breytingin mun eiga sér stað strax. Ekki eftir mörg ár með inngöngu í ESB eins og Viðreisn boðar

– við gerum þetta sjálf og gerum það strax!

Með því að breyta lögum um Seðlabanka Íslands, verður bankanum óheimilt að ákvarða stýrivexti hærri en 4%. Samhliða verður bankanum gert skylt að nota rétt viðmið um verðbólgu, það er vísitölu neysluverðs án húsnæðis. Verðtryggt lán verða á sama tíma gerð ólögleg.

Við erum ekki að finna upp hjólið með þessum breytingum, heldur einungis að gera það sama og allar nágrannarþjóðir okkar gera. Allar með tölu!

Skoðum hverju þetta breytir: Överðtryggt íbúðarlán sem í dag er með kr.600.000,- mánaðarlega greiðslubyrði verður eftir breytingu laga með kr.200.000,- mánaðarlega greiðslubyrði.

Slík breyting mun hafa víðtæk áhrif og stórlækka greiðslubyrði allra lána, lækka leigu, matvælavæð, vöruverð og svo mætti lengi telja, í raun leysa þúsund vandamál.

ÞAD Á AD VERA GAMAN AD BÚA Á ÍSLANDI

Við getum ekki lofað góðu veðri en við viljum það sé gott og gaman að búa á Íslandi.

Að við getum notið samveru með fjölskyldum okkar og vinum án þess að þurfa stöðugt að hafa hugann við það hvort við náum endum saman um næstu mánaðamót.

Ef þú ert sammála okkur þá biðjum þig að sýna hugrekki og kjósa breytingar – hugrekki sem Grafarvogsbúum er einum lagið og sýna með eftirminnilegum hætti þessa dagana.

Af hverju ekki að gera lífið betra? – Það er hægt og það er auðvelt, trúið því.

Gerum lífið betra - Kjósum XL

Greinarhöfundar eru Baldur Borgþórsson og Hildur Þórðardóttir en þau skipa fyrsta og annað sæti á lista Lýðræðisflokksins í Reykjavík norður í komandi Alþingiskosningum.



Baldur Borgþórsson.



Hildur Þórðardóttir



Borgarholtsskóli

Blómstraðu í Borgó!

- ➔ Opið fyrir umsóknir um nám í dagskóla og dreifnám til og með 30. nóvember.
- ➔ Á www.borgo.is finnur þú allar helstu upplýsingar um fjölbreyttar námsbrautir skólans og leiðbeiningar um umsóknarferlið.





LÆKKUM VEXTI TIL FRAMBÚÐAR - STRAX

Með lagabreytingu verður Seðlabanka Íslands óheimilt að ákvarða stýrivexti hærrí en 4% - Afborgun íbúðarlána lækkar sem dæmi úr 600 þús í 200 þús.

VEGATOLLAR INNAN BORGAR - NEI TAKK

Borgarlínan út - Almennar úrbætur vegakerfis inn.
Frelsi til að velja sinn ferðamáta - Bætum alla ferðamáta samhliða.
Eflum strætó - Gerum strætó gjaldfrjálsan og spörum milljarða árlega.

VIRÐUM VILJA ÍBÚA - SUNDABRAUT

Sundabraut í göng - Virðum þannig vilja og brýna hagsmuni Grafarvogs, Laugarness og aðliggjandi hverfa.

ÞÉTTINGARÁFORM

Umfangsmikil þéttingaráform byggðar verði með lögum skylt að setja í íbúakosningu.

GERUM LÍFIÐ BETRA

KJÓSUM X-L

YKKAR FÓLK - YKKAR HAGUR



Baldur Borgþórsson
1. Sæti Reykjavík norður



Hildur Þórðardóttir
2. Sæti í Reykjavík norður

www.lydraedisflokkurinn.is

Jólaseríur sem endast í íslensku veðri

Múrbúðin hefur um árabíl boðið öflugar og sterkar LED jólaseríur sem þola íslenskt veður. Bestu jólaseríurnar eru höggþolnar og með IP65 vatnsvörn, sem þýðir að þær þola vel íslenskt vetrarveður, þetta eru sambærileg gæði og sveitarfélög velja.

Jólaseríurnar eru samtengjanlegar, þannig að ekki þarf fjöltengi út í garð, þó mikið sé skreytt. Hægt er að tengja allt að 2000 ljós við einn spennubreyti.

Hjá Múrbúðinni fást líka jólaseríur sem eru IP44 vatnsvarðar. Þessar seríur má nota sem úti-seríur, því þær þola að vera úti, en eru samt ekki eins öflugar og IP65 úti jólaseríur. IP44 vatnsvörðu seríurnar er hægt að fá bæði samtengjanlegar og stakar. Þær eru sérstaklega bjartar og eru líka mjög fallegar innanhúss.

Mörgum finnst gaman að nota ljósslöngur og býður Múrbúðin nokkuð úrval af þeim í mörgum litum og marglitar, eins og hinar jólaeríurnar.

Vandaður frágangur og verð sem kemur á óvart
Í ljósi þess hversu vandaðar jólaseríurnar eru

þá kemur verðið þægilega á óvart og óhætt er að fullyrða að þær eru 30-50% ódýrari en sambærilegar jólaseríur annar staðar. Svavar Þórisson verslunarstjóri hjá Múrbúðinni, Kletthálsi 7 segir líka að það hafi verið markmið hjá sér að finna öflugar jólaseríur og selja þær á miklu lægra verði en almennt gerist og reynslan sýni að það hafi tekist.

Allt til að festa upp jólaseríur

Hjá Múrbúðinni fást einnig fjöltengi, framlingingasnúrir og allt til að hengja upp jólaseríurnar þannig að þær séu örugglega fastar og geri heimilið og garðinn enn glæsilegri.

Ekki má gleyma stigum og tröppum, sem gott er að eiga þegar verið er að hengja upp jólaseríur.

25% afsláttur er af öllum jólaseríum

Múrbúðin býður 25% afslátt af öllum jólaseríum núna, sem þýðir að hægt er að gera mjög góð kaup. Ef þig vantar vandaða jólaseríu, þá er ferð í Múrbúðina góður kostur.



Jólaseríurnar koma í úrvali stærða og lita.



Hér má sjá hvað vírar eru þykkir og frágangur góður.

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

Umhverfisvernd í stað ofurbættingar í Grafarvogi

- segir Kjartan Magnússon borgarfulltrúi

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins vilja að tillögur meirihluta Samfylkingar, Framsóknarflokks, Pírata og Viðreisnar um þéttingu byggðar í Grafarvogi, verði dregnar til baka í núverandi mynd. Jafnframt verði þess gætt í framtíðinni að auka samráð við Grafarvogsbúa varðandi viðamiklar breytingar á skipulagi hverfisins.

Kjartan Magnússon borgarfulltrúi, situr í skipulagsráði Reykjavíkur og á einnig sæti í íbúaráði Grafarvogs. Í þessum ráðum hefur Kjartan gert margvíslegar athugasemdir við hugmyndir meirihlutans um breytingar á skipulagi í Grafarvogi og gagnrýnt skort á samráði við íbúa hverfisins.

Fyrirhugað íbúahverfi í Keldnalandi er mikilvægasta skipulagsverkefni í Reykjavík í áratugi að sögn Kjartans. „Þar gefst einstakt tækifæri til að hanna eftirsóknarvert íbúahverfi enda er svæðið fallett og staðsetningin góð. Við skipulag hverfisins er æskilegt að áhersla verði lögð á að skapa þar fallett og mannvænlegt hverfi í samræmi við þá byggð, sem fyrir er í Grafarvogi, í stað áherslu á ofurbættingu og hámarksafkastur af lóðasölu. Slík ofurbætting myndi hafa neikvæð áhrif á þá íbúabyggð, sem fyrir er í Grafarvogi, og lífsgæði íbúa.“

Enginn Grafarvogsbúi í dómnefnd um Keldnaland

Þegar fulltrúar voru valdir í dómnefnd vegna skipulagssamkeppni um þróun Keldna og Keldnaholts síðla árs 2022, lagði Kjartan til að íbúaráði Grafarvogs og Íbúasamtökum Grafarvogs fengju að tilnefna sinn hvorn fulltrúann í nefndina. „Þannig hefðu fulltrúar Grafarvogsbúa getað fylgst með vinnunni frá upphafi og komið sjónarmiðum sínum að í dómnefndarvinnunni. Borgarfulltrúar meirihlutans virtu þessar óskir að vettugi og sáu þannig til þess að enginn fulltrúi úr Grafarvogi væri í dómnefndinni.“

Kjartan telur að í stað ofurbættingar eigi að skipuleggja byggð í Keldnalandi í samræmi við aðliggjandi

íbúahverfi, þ.e. Foldahverfi og Húsahverfi enda séu þau bæði vel heppnuð.

„Þá þarf að tryggja góðar umferðartengingar allra faramáta við Keldnahverfi sem og bílastæði fyrir íbúa við hús þeirra. Þá er ljóst að hverfisfróttasvæðið Fjöllnir mun þurfa á auknu landrými og ífróttamannvirkjum að halda með tilkomu hins nýja hverfis.“

Tillaga um víðari verndarmörk felld

Frá árinu 2021 hefur verið unnið að friðlýsingu Grafarvogs í samvinnu Reykjavíkurborgar og ríkisins. Ágreiningur er um hversu stórt svæði skuli friðlýsa.

Meirihluti borgarstjórnar vill að verndarmörkin fylgi einungis flæðarmálinu við austanverðan Grafarvog en Guðlaugur Þór Þórðarson umhverfisráðherra vill hafa mörkin mun víðari. Hefur hann lagt til að grunnsævi, leirur og fjörur innan vögsins verði friðlýstar auk menningarmínna og skilgreinds útivistarsvæðis Grafarvogsbúa.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa ítrekað lagt til að verndarmörk friðlýsingarinnar verði í samræmi við tillögu umhverfisráðherra en án árangurs. Málið kom til kasta borgarstjórnar 1. október og var þá tillaga Sjálfstæðisflokksins um að víðari verndarmörkin skyldu gilda, felld með atkvæðum Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar.

Grænu svæðin eru mikilvæg

Kjartan hefur lagst gegn þeim hugmyndum um þéttingu byggðar í Grafarvogi sem borgarstjóri hefur kynnt. Í síðustu viku var fjallad um tillögurnar á afar fjölmennum íbúafundi í Rimaskóla og þar kom fram mikil andstaða Grafarvogsbúa við þær.

„Ég hef sótt marga íbúafundi í borginni en þessi er sennilega sá fjölmennasti og kraftmesti. Vönduð gögn voru þar lögð fram, sem unnin hafa verið af íbúum sjálfum enda hefur það reynst þrautin þyngrri að fá ýtarleg gögn frá borginni um málið.“




Kjartan Magnússon.

Kjartan segir að eins og í Keldnalandi megi ekki þvinga frekari uppbyggingu í Grafarvogi fram á forsendum ofurbættingar heldur með raunverulegu samráði og sátt við íbúa. „Við allar breytingar á skipulagi Grafarvogs þarf að taka ríkt tillit til staðaranda hverfisins og hagsmuna núverandi íbúa, t.d. með því að ganga ekki á græn svæði, sem mörg eru rötgróin og ein helsta ástæða þess að fólk hefur valið hverfið til búsetu. Ljóst er að margir þeir þéttingarreitir, sem borgarstjóri hefur kynnt að séu til skoðunar í Grafarvogi, ganga gegn þessum sjónarmiðum og koma því ekki til greina.“

Í tillögunum er gert ráð fyrir mun meiri þéttleika byggðar en tífkast í hverfinu. Víða, t.d. við Sóleyjarrima er gert ráð fyrir byggð með margfalt meiri þéttleika en aðliggjandi byggð. Þá er í mörgum tilvikum gert ráð fyrir alltof fáum bílastæðum en slíkt skipulag myndi óhjákvæmilega hafa áhrif á lífsgæði þeirra íbúa, sem fyrir eru, til hins verra.“

Samráð við Grafarvogsbúa hefur verið takmarkað í málinu að sögn Kjartans enda hafi tillögurnar mætt mikilli andstöðu. „Æskilegt er því að tillögurnar verði dregnar til baka en þess gætt í framtíðinni að auka samráð við íbúa hverfisins varðandi allar viðamiklar breytingar á skipulagi,“ segir Kjartan að lokum.



Hér má sjá kort yfir af þeim stöðum í Grafarvogi þar sem meirihlutinn hyggur á þéttingu byggðar.

Jólastemmning í Heiðmörk

Grenitré, lifandi eldur, bóklestur, tónlist og stundum jólasveinar á vappi — það er óvíða jólalegra en á Jólamarkaðnum í Heiðmörk á adventunni. Starfsmenn Skógræktarfélag Reykjavíkur eru nú í óða önn að koma fyrir jólahúsum við Elliðavatsonsbæinn, finna til jólatré og búa í hagginn fyrir opnun markaðarins. Markmið jólavíðburðanna er ekki síst að kynna skógarmenningu fyrir fólki og bjóða upp á ævintýrlega upplifun í skóginum, að vetrarlagi. Þá styður jólatrjáasalan við áframhaldandi ræktunarstarf í Heiðmörk enda 50 tré gróðursett fyrir hvert sem selst.

Margt er á dagskrá. Kór Norðlingaskóla opnar markaðinn með söng, laugardaginn 30. nóvember klukkan 12. Eftir það verður kransaskreyting í Jólakjallaranum með aðstoð fagfólks. Lúðrasveitin Svanur spilar síðar um daginn. Í Rjóðrinu, skammt frá Elliðavatsonsbænum verður kveiktur varðeldur og lesið fyrir gesti úr nýtkominni barnabók.

Það er orðin hefð hjá mörgum að leggja leið sína á Jólamarkaðurinn í Heiðmörk á adventunni. Margir kaupa þar jólatré beint úr skóginum eða gjafir á handverksmarkaðnum. Aðrir koma fyrst og fremst til að njóta jólastemningar í fallegu umhverfi, drekka kakó og hlusta á upplestur við varðeld í Rjóðrinu. Svo er tilvalið að nota tækifærið til að ganga um skóglendið, sem er ekki síður fallegt á veturna en sumrin.



Jólasveinninn mætir að sjálfsgöðu á jólamarkaðnum í Heiðmörk og vekur alltaf mikla athygli.



Notaleg uppákoma við arineld fyrir börnin.



Boðið er upp á fjölda viðburða á Jólamarkaðnum í Heiðmörk og alltaf góð stemning.



FMOS
Framhaldsskólinn
í Mosfellsbæ

Komdu í FMOS
Við erum að innrita



www.fmos.is



**Persónulegur skóli sem
tekur vel á móti þér**



**Nútímalegar
kennsluaðferðir**



Innan við 500 metrar í alla þjónustu

- til sölu hjá Fasteignamiðlun Grafarvogs Spönginni 11

Fasteignamiðlun Grafarvogs kynnir eignina Vættaborgir 3 nánar tiltekið eign merkt 02-03, fastanúmer 223-0178 ásamt öllu því sem eigninni fylgir, þar með talið tilheyrandi lóðar og sameignarréttindi. Eignin er 91.1 fm, íbúðin 88,3 fm og geymsla af svölum íbúðar er 2,8 fm, aukageymsla er í lofti og er aðgangur í gangi að þeirri geymslu.

Einnig fylgir byggingaréttur fyrir einkabílskúr á lóðinni.

Garður er sameiginlegur og á fyrstu hæð er hjólageymsla. Góð

bílastæði eru fyrir framan húsið.

Svo til öll þjónusta er innan við 500 metra, sjá Spöngin.

Nánari lýsing:

Forstofa er með viðar flísum á gólfi, við tekur hol sem er með harðparket á gólfi og hlera til að komast upp á geymsluoftið.

Stofa er rúmgóð og björt með harðparket á gólfi.

Eldhús er opið í alrými með stofu og með ljóstri innréttingu. Flísar

eru á milli efri og neðri skápa.

Suðursvalir með geymslu gengur úr alrými stofu og eldhúss.

Bæði svefnherbergi eru með glugga til norðurs, skápa og sama harðparket.

Skrifstofa/tölvurými er á milli stofu og vestur svefnherbergis.

Badherbergi er flísalagt hátt og lágt með ljósum innréttingum, tengingar eru fyrir þvottavél og þurrkara. Handklæðaofn og sturta er í badherbergi.



Badherbergi er flísalagt hátt og lágt með ljósum innréttingu.



Eldhús er opið í alrými með stofu og með ljóstri innréttingu.



Stofa er rúmgóð og björt með harðparket á gólfi.



Flísar eru á milli efri og neðri skápa í eldhúsinu sem er rúmgott og fallett.

MÚR BÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!



Sigrún Stella Einarsdóttir Löggitur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali s. 8240610



Árni Þorsteinsson rekstrar-hagfræðingur. M.Sc. löggitur fasteigna- og skipasali og löggitur leigumíðlari s. 898 3459



Ólafur Kristjánsson löggitur fasteigna- og skipasali s. 786-1414



Ingunn Þorsteinsdóttir. Nemi í lög-gildingu fasteignasala s. 612-0906



Anna Fríðrika Gunnarsdóttir löggitur fasteigna- og skipasali, anna@fmg.is s. 892-8778

FASTEIGNA MIÐLUN GRAFARVOGS



Spöngin 11 - 112 Reykjavík
Sími 575 8585. Opið 10-17 mán.-föst

Vantar allar gerðir eigna á skrá



REYKJAVEGUR MOS - PARHÚS

97,6 fm parhús, hæð og ris á 1.100 fm eignarlóð. Fjögur svefnherbergi. Sólskáli og stór sólpallur í suð vestur.

Sími 575 8585



BAUGAKÓR - 5 HERB. - STÆÐI Í BÍLAGEYMSLU

141,8 fm íbúð með sérinnangi á jarðhæð auk 50 fm suðursólpalls og bílastæðis í lokaðri bílageymslu. Fjögur svefnherbergi. Parket og flísar. Fallegar innréttingar. Bílarafmagn í hverju staði.



HLÍÐARHJALLI - 4. HERB - BÍLSKÚR

122,2 fm herbergja íbúð á þriðju og efstu hæð auk 28,8 fm bílskúrs með bílarafmagni. Falleg og mjög björt íbúð með miklu útsýni, suðvestur svalir.



FJALLAKÓR - EIN-BÝLISHÚS MED BÍLSKÚR

234,4 fm einbýli á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Þrjú svefnherbergi auk stúdíóherbergis með badherbergi. Bjart og fallett hús með miklu útsýni og fallegri lóð. LAUST VIÐ KAUP-SAMNING




SMÍÐJUVELLIR-AKRANES

Stálgrindahús klætt með yl-einingum. Heildarstærð hússins samkvæmt Þjóðskrá er 1724,1 fm. og skiptist á þrjú fastanúmer sem eru 229-7078 sem er 774,2 fm. 229-7079 sem er 112 fm og 229-7080 sem er 837,9 fm. Nánari upplýsingar á skrifstofunni s. 575-8585

FASTEIGNASALAN Í ÞÍNU HVERFI

www.fmg.is



Kirkjufréttir

Það er alltaf mikið um að vera í Grafarvogssöfnuði!

Messur í kirkjunni

Alla sunnudaga eru messur í kirkjunni kl. 11:00. Helgihald þar er fjölbreytt og messuformið klassískt. Kór Grafarvogskirkju leiðir söng.

Vörðumessur í Kirkjuselinu

Alla sunnudaga yfir vetrartímann eru Vörðumessur í Kirkjuselinu í Spöng kl. 13:00. Kertaljósaustund og heilög máltíð. Við deilum sögum og hlöðum vörður. Ljúf tónlist. Vox Populi leiðir söng.

Sunnudagaskólinn

Sunnudagaskólinn er á neðri hæð kirkjunnar alla sunnudaga kl. 11:00. Brúðuleikhús, tónlist, sögur, leikir og annað skemmtilegt. Umsjón hafa Hilda María Sigurðardóttir og Anna Bíbí Axelsdóttir. Meðleikari er Stefán Birisson.

Helgistundir á Þriðjudögum í Kirkjuselinu

Helgistundir eru alla þriðjudaga í Kirkjuselinu í Spöng kl. 10:30. Stundirnar eru opnar öllum.

Kyrrðarstundir

Kyrrðar- og fyrirbænastundir eru í Grafarvogskirkju alla þriðjudaga kl. 12:00. Tekið er við fyrirbænarefnum á staðnum en einnig er hægt að hafa samband við presta safnaðarins og óska eftir fyrirbænum. Þær eru opnar öllum og á eftir er boðið upp á léttan hádegisverð á afar vægu verði.

Félagsstarf fulloröðinna

Opið hús er í kirkjunni alla þriðjudaga kl. 13:00-15:00 fyrir eldri borgara og önnur sem hafa lausa stund á daginn. Stundin hefst á fræðslu eða skemmtiefni og samsöng í kirkjunni. Þá er boðið upp á handavinnu, spil og spjall. Síðan er kaffi og veitingar í boði á vægu verði. Farið er í haust- og vorferð auk annarra skemmtilegra viðburða.

Foreldramorgnar

Sameiginlegir foreldramorgnar og krílasálmur Grafarvogs- Guðríðar- og Árbæjarkirkju eru á þriðjudögum í Guðríðarkirkju kl. 10-12. Söngur, tónlistarupplifun, spjall og kaffi. Umsjón hefur María Rut prestur í Guðríðarkirkju ásamt öðru starfsfólki safnaðanna.

Unglingastarf fyrir 8. - 10. bekk er á þriðjudögum kl. 20:00-21:30 í Grafarvogskirkju. www.grafarvogskirkja.is

Djúpslökun

Djúpslökun er alla fimmtudaga kl. 17:00. Tímarnir hefjast á léttum æfingum til að undirbúa líkamann fyrir djúpa og góða slökun með kristilegu ívafi. Tímarnir henta bæði þeim sem eru byrjendur í yoga og lengra komnum. Djúpslökunin er gjaldfrjál og tímana leiðir Jarþrúður Karlsdóttir yogakennari.

Barna- og unglingakór Grafarvogs í Grafarvogskirkju

Barna og unglingakórinn kemur fram á aðventuhátíð kirkjunnar 1. desember. Auk þess verða þau með á jólatónleikum kóra kirkjunnar þann 7. desember.

Kór Grafarvogskirkju og Vox Populi

Kirkjukórinn æfir á miðvikudögum kl. 19:30
Vox Populi æfir á miðvikudögum kl. 19:30.
Upplýsingar veitir Lára Bryndís Eggertsdóttir lara@grafarvogskirkja.is Nýir félagar eru hjartanlega velkomnir!

Prjónaklúbbur Grafarvogskirkju

Prjónaklúbbur er í Grafarvogskirkju annan hvern þriðjudag kl. 20:00. Hann er fyrir þau sem langar að hittast og spjalla um og yfir handavinnu. Við bjóðum nýja og eldri þátttakendur hjartanlega velkomin og viljum sjá sem allra flest og einmitt þig! Sjá nánar á Facebooksíðu *Prjónaklúbburinn í Grafarvogskirkju*.
Dagsetningar næstu vikna eru 26. nóvember og 10. desember.

Á döfnni:

Aðventuhátíð Grafarvogskirkju 1. desember kl. 18.

Kór Grafarvogskirkju, Vox Populi og Barnakór Grafarvogs í Grafarvogskirkju koma fram. Fermingarbörn flytja jólaguðspjallið. Biskup Íslands, frú Guðrún Karls Helgudóttir heimsækir söfnuðinn og flytur hugvekj.

Jólatónleikar kóranna í Grafarvogskirkju 7. desember kl. 17.

Kór Grafarvogskirkju, Vox Populi og Barnakór Grafarvogs í Grafarvogskirkju koma fram undir stjórn kórstjóra, Láru Bryndísar Eggertsdóttur og Auðar Gudjohnsen. Sigríður Ósk Kristjánsdóttir syngur einsöng. Miðaverð 3000 kr, frítt fyrir 12 ára og yngri og eldri borgara.


Aðventustund fjölskyldunnar í Grafarvogskirkju 11. desember kl. 17 - 18:30.

Notaleg samvera með jólatónlist, jólaföndri og sameiginlegri máltíð fyrir alla fjölskylduna. Skráning hjá aldisrut@grafarvogskirkja.is




Vígðir þjónar safnaðarins:

Arna Ýrr Sigurðardóttir sóknarprestur arna@grafarvogskirkja.is
Sigurður Grétar Helgason prestur sigurdur@grafarvogskirkja.is
Aldís Rut Gísladóttir prestur aldis@grafarvogskirkja.is
Kristín Kristjánsdóttir djákni kristin@grafarvogskirkja.is



Sími: 587 9070
Netfang: grafarvogskirkja@grafarvogskirkja.is
Heimasíða: www.grafarvogskirkja.is
Likesíða á facebook: Grafarvogskirkja Grafarvogi
Instagram: [grafarvogskirkja_grafarvogi](https://www.instagram.com/grafarvogskirkja_grafarvogi)



Vekomin í kirkjuna þína!



VIRKJUM!

Lifandi afl í þágu þjóðar. Nýtum, virðum og njótum.



Kynntu þér málin
nánar á miðflokkurinn.is

ÁFRAM ÍSLAND
MIÐFLOKKURINN

X M